

**Árangursmat á styrkveitingum
Kraums tónlistarsjóðs og Hönnunarsjóðs Auroru**



**Höfundur:
Tómas Viktor Young**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands
Umsjón: Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Ágúst 2010**

Útdráttur

Í upphafi árs 2010 fóru framkvæmdastjórar Kraums tónlistarsjóðs og Hönnunarsjóðs Auroru fram á að gert yrði árangursmat á starfsemi sjóðanna. Ákveðið var að mat beggja sjóðanna yrði unnið undir formerkjum Rannsóknarmiðstöðvar skapandi greina hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

Markmiðið með árangursmati á sjóðunum var að kanna hverju starfsemi sjóðanna hefur skilað og hvort starfsemi þeirra hafi í grundvallaratriðum uppfyllt markmið sem sett voru í upphafi. Þetta var gert með því að hafa samband við þá sem hlotið hafa styrk og fá upplýsingar um hvernig verkefnið hafi gengið, hverju styrkurinn hafi skilað þeim og hvernig samstarfið við sjóðinn hafi reynst.

Helstu niðurstöður eru þær að almenn ánægja er meðal styrkþega um sjóðina og að helsti afraksturinn er að styrkirnir gerðu styrkþegum kleift að vinna verkefni sín hraðar og vinna þau á veglegri máta en þeir hefðu gert án styrksins. Styrkþegar voru ánægðir með samskiptin við framkvæmdastjóra sjóðanna og nefndu að umsóknarferlið væri opið og þægilegt í samanburði við aðra sjóði. Umsóknarferli Kraums hefur þróast úr óformlegu ferli yfir í formlegra ferli þar sem ásókn í sjóðinn hefur aukist frá stofnun hans. Nærri öllum verkefnum styrkþega var annaðhvort lokið eða í vinnslu. Kraumur og Hönnunarsjóðurinn standa báðir við markmið sín að veita ríflega styrki til tiltölulega fárra verkefna og viðmælendur voru sammála að það væri vænlegri leið til að verkefni næðu árangri.

Viðmælendum var gefinn kostur á að koma með tillögur að breytingum á uppsetningu sjóðanna. Viðmælendur viðruðu hugmyndir sem fela meðal annars í sér breytt umsóknarferli, aukin samskipti á meðan umsóknarferlinu stendur og samstarf við stjórnvöld svo eitthvað sé nefnt.

Í ljós kom að mikill samkeppnismunur er á sjóðunum fyrir styrkþega þar sem Kraumur er einn af mörgum sjóðum sem tónlistarmenn geta sótt í en Hönnunarsjóðurinn er eini sjóðurinn sem miðaður er beint að hönnuðum. Þetta sést glögglega á því að tónlistarmenn dæmdu Kraum út frá öðrum tónlistarsjóðum á meðan hönnuðir báru Hönnunarsjóðinn við sjóði sem teljast almennir styrktarsjóðir.

Sett er fram sameiginleg tillaga um símat fyrir sjóðina í formi símatstöflu fyrir framkvæmdastjóra sjóðanna svo þeir geti sjálfir mælt framvindu verkefna í framtíðinni og fengið yfirsýn yfir stöðu þeirra.

Formáli

Í mars 2010 gerðu Aurora velgerðarsjóður og Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands með sér samning um að Viðskiptafræðistofnun ynni úttekt og árangursmat á starfsemi Kraums tónlistarsjóðs og Hönnunarsjóðs Auroru.

Samkvæmt verklýsingu felst árangursmat í viðtölum við framkvæmdastjóra sjóðanna og styrkþega, auk yfirferðar yfir önnur gögn um sjóðina og úthlutanir úr þeim. Niðurstöður eru kynntar fyrir hvorn sjóð um sig (kaflar 5 og 6) en ræddar sameiginlega (kafla 7). Þá er jafnframt sett fram sameiginleg tillaga um símat (kafla 8) fyrir sjóðina (B hluti verksamnings) en hvor sjóður fyrir sig þarf að taka afstöðu til þess hvaða hlutar af símatseyðublaði muni nýtast best.

Efnisyfirlit

1 INNGANGUR	6
1.1 RANNSÓKNARAÐFERÐIR	6
1.1.1 Viðmælendur	6
1.1.2 Framkvæmd árangursmats.....	7
2 AURORA VELGERÐARSJÓÐUR	9
2.1 VERKEFNI 2008	10
2.2 VERKEFNI 2009	10
2.2.1 Ný verkefni.....	10
2.2.2 Verkefni til þriggja ára	11
3 KRAUMUR TÓNLISTARSJÓÐUR	12
3.1 YFIRLIT ÚTHLUTANA OG VERKEFNA 2008	13
3.1.1 Beinn stuðningur við listamenn árið 2008.....	13
3.1.2 Sjálfstæð verkefni Kraums árið 2008.....	13
3.2 YFIRLIT ÚTHLUTANA OG VERKEFNA 2009	15
3.2.1 Samstarf og beinn stuðningur við listamenn	15
3.2.2 Samstarfsverkefni.....	15
3.2.3 Innrásin.....	16
3.2.4 Eigin verkefni Kraums.....	16
3.3 YFIRLIT ÚTHLUTANA OG VERKEFNA 2010	16
3.3.1 Útrás – stuðningur og samstarf við listamenn og hljómsveitir.....	16
3.3.2 Innrás – Stuðningur og samstarf við listamenn og hljómsveitir við tónleikahald.....	17
3.3.3 Plötugerð og innlend verkefni	17
3.3.4 Eigin verkefni og samstarfsverkefni Kraums	17
4 HÖNNUNARSJÓÐUR AURORU	18
4.1 YFIRLIT ÚTHLUTANA OG VERKEFNA Í MAÍ 2009	19
4.2 YFIRLIT ÚTHLUTANA OG VERKEFNA Í OKTÓBER 2009	19
4.3 YFIRLIT ÚTHLUTANA OG VERKEFNA Í FEBRÚAR 2010.....	20

5	NIÐURSTÖÐUR UM KRAUM TÓNLISTARSJÓÐ	21
5.1	VERKEFNI STYRKÞEGA OG STYRKUPPHÆÐIR	21
5.2	ÚRVINNSLA STYRKSINS.....	21
5.3	UMSÓKNARFERLIÐ	22
5.4	AFRAKSTUR ÞESS AÐ HLJÓTA STYRKINN.....	23
5.5	HVAÐ STYRKÞEGAR HEFÐU GERT EF ÞEIR HEFÐU EKKI HLOTIÐ STYRKINN	25
5.6	VAL Á STYRKHÆFUM VERKEFNUM.....	28
5.7	SAMSKIPTI Á MILLI STYRKÞEGA OG SJÓÐSINS.....	30
5.8	TILLÖGUR VIÐMÆLENDNA UM BREYTINGAR Á UPPSETNINGU SJÓÐSINS.....	33
5.9	SAMANBURÐUR Á KRAUMI TÓNLISTARSJÓÐI OG ÖÐRUM STYRKTARSJÓÐUM	36
6	NIÐURSTÖÐUR UM HÖNNUNARSJÓÐ AURORU	39
6.1	VERKEFNI STYRKÞEGA OG STYRKUPPHÆÐIR	39
6.2	ÚRVINNSLA STYRKSINS.....	39
6.3	UMSÓKNARFERLIÐ	40
6.4	AFRAKSTUR ÞESS AÐ HLJÓTA STYRKINN.....	42
6.5	HVAÐ STYRKÞEGAR HEFÐU GERT EF ÞEIR HEFÐU EKKI HLOTIÐ STYRKINN	44
6.6	VAL Á STYRKHÆFUM VERKEFNUM.....	46
6.7	SAMSKIPTI Á MILLI STYRKÞEGA OG SJÓÐSINS.....	48
6.8	TILLÖGUR VIÐMÆLENDNA UM BREYTINGAR Á UPPSETNINGU SJÓÐSINS.....	48
6.9	SAMANBURÐUR Á HÖNNUNARSJÓÐI AURORU OG ÖÐRUM STYRKTARSJÓÐUM	51
7	UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR	53
7.1	SAMKEPPNISSTAÐA	53
7.2	FAGRÁÐ	55
7.3	PERSÓNULEG HANDLEIÐSLA.....	56
8	ÁFRAMHALDANDI ÁRANGURSMAT	58
	VIÐAUKI 1 - SKIPULAGSSKRÁ AURORA VELGERÐARSJÓÐS	60
	VIÐAUKI 2 - STARFSREGLUR STJÓRNAR	63
	VIÐAUKI 3 - SPURNINGAR FYRIR ÁRANGURSMAT	65
	VIÐAUKI 4 - STYRKTARSJÓÐIR FYRIR TÓNLISTARMENN Á ÍSLANDI	67
	VIÐAUKI 5 - SÍMATSTAFLA	68
	HEIMILDASKRÁ	69

1 Inngangur

Í upphafi árs 2010 fóru framkvæmdastjórar Hönnunarsjóðs Auroru og Kraums tónlistarsjóðs fram á að gert yrði árangursmat á starfsemi sjóðanna. Leitað var til Tómasar Viktors Young og Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur um sitt hvort árangursmatið, en eftir nánari umhugsun var ákveðið að árangursmat beggja sjóðanna yrði unnið sameiginlega undir formerkjum Rannsóknarmiðstöðvar skapandi greina, hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Tómas myndi vinna gagnaöflun og úrvinnslu en Margrét hefði umsjón með og væri ábyrgðarmaður verkefnisins.

Markmiðið með árangursmati á sjóðunum er að kanna hverju starfsemi sjóðanna hefur skilað og hvort starfsemi þeirra hafi í grundvallaratriðum uppfyllt markmið sem sett voru í upphafi. Þetta er gert með því að hafa samband við þá sem hlotið hafa styrk og fá upplýsingar um hvernig verkefnið hafi gengið, hverju styrkurinn hafi skilað þeim og hvernig samstarfið við sjóðinn hafi reynst.

1.1 Rannsóknaraðferðir

Þar sem markmið verkefnisins er að varpa ljósi á mat styrkþega á framgang verkefna sem og samskipti þeirra við sjóðinn var ákveðið að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum (e. *qualitative research methods*) en þær eru til þess fallnar að setja sig í spor og skilja aðstæður viðmælenda út frá þeirra eigin sjónarhorni.

Í þessari rannsókn er notast við hálf opin viðtöl (e. *semi structured*) (Kvale, 1996) við 37 einstaklinga. Með hálf opnum viðtölum er átt við að rannsakandi vinni með fyrirfram ákveðin viðfangsefni og spurningar en viðtalið mótast svo af svörum viðmælendanna vegna þess að rannsakandi beitir virkri hlustun og spyr framhaldsspurninga út frá svörum viðmælenda sinna (Esterberg, 2002; Kvale, 1996).

1.1.1 Viðmælendur

Aðferðin sem beitt var í rannsókninni við að velja þá styrkþega sem rætt var við nefnist „markvisst úrtak“ (e. *purposive sampling*) þar sem tilteknir einstaklingar eru valdir sérstaklega til að taka þátt í rannsókninni út frá ákveðnum fyrirframgefnum atriðum (Esterberg, 2002). Í þessu tilviki eru það einstaklingar sem Hönnunarsjóður Auroru og

Kraumur tónlistarsjóður hefur veitt styrki. Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Kraums, benti rannsakanda á hvaða tónlistarmenn sjóðurinn hefur styrkt og Hlín Helga Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarsjóðsins, benti á viðmælendur sem Hönnunarsjóðurinn hafði veitt styrki til.

Viðmælendur voru allir Íslendingar að undanskildum einum viðmælenda sem er hálfur Breti og hálfur Íslendingur en hann valdi að viðtalið færi fram á ensku. Ummæli hans hafa verið þýdd af rannsakanda yfir á íslensku. Rætt var við 19 styrkþega sem höfðu þegið styrki frá Kraumi og 16 styrkþega sem höfðu þegið styrki frá Hönnunarsjóðnum. Þá hitti rannsakandi framkvæmdastjóra sjóðanna nokkrum sinnum þegar verkefnið var að fara af stað og var í sambandi við þá símleiðis og í gegnum tölvupóst þegar honum vantaði upplýsingar um viðmælendur og verkefni þeirra eða til að ýta á eftir viðtölum við viðmælendur.

1.1.2 Framkvæmd árangursmats

Haft var samband við viðmælendur með tölvupósti þar sem árangursmatið var kynnt fyrir þeim og þeir beðnir formlega um að taka þátt í matinu sem viðmælendur. Í samráði við viðmælendur fann rannsakandi tíma sem hentaði viðmælendum til að taka viðtölin. Í tilviki styrkþega Hönnunarsjóðsins gekk þetta ferli betur en í fyrri rannsóknum sem rannsakandi hafði unnið. Um vika leið frá því að tölvupósturinn var sendur þar til fyrsta viðtalið var tekið. Í tilviki styrkþega Kraums tónlistarsjóðs stóðu svörin á sér og þurfti rannsakandi að fá aðstoð frá framkvæmdastjóra sjóðsins til að ýta á eftir svörum frá styrkþegum. Tónlistarmennirnir voru bæði seinni að svara en það var aðallega sökum anna við tónleikaferðalög og plötugerð.

Viðtölin voru tekin á tímabilinu 6. apríl til 10. júní 2010 og voru flest 20-30 mínútur að lengd en tvö viðtöl stóðu í um klukkustund. Viðtölin voru flest tekin í vinnuáðstöðu viðmælenda eða á kaffihúsum Reykjavíkurborgar. Rannsakandi notaðist við fartölvu sína til að hljóðrita viðtölin með hljóðupptökuforritinu Cool Edit Pro.

Sum viðtöl voru tekin í gegnum netið en ástæður fyrir símaviðtölum voru þær að viðmælendur voru búsettir erlendis eða höfðu ekki tíma til að hitta rannsakanda augliti til auglitis og veita viðtal og kusu fremur símaviðtal. Síamviðtöl voru tekin með samskiptaforritinu Skype. Rannsakandi var staddur í Reykjavík og viðmælendur hans annaðhvort erlendis eða í heimahúsi á Íslandi. Hliðarforrit Skype, Pamela for Skype, var notað til þess að hljóðrita viðtölin en forritið hljóðritar sjálfkrafa öll símtöl í Skype og breytir þeim í mp3-hljóðskrá.

Rannsakandi var með fyrirfram ákveðnar spurningar og punkta (sjá spurningalista og punkta í viðauka 3) sem viðtölin byggðust á en viðtölin mótuðust af svörum viðmælenda og framhaldsspurningar voru lagðar fyrir eftir því sem við átti. Viðmælendur voru fræddir um tilgang og tilurð verkefnisins í upphafi hvers viðtals og þeim gert grein fyrir að ekki væri hægt að rekja svör þeirra.

Eftir hvert viðtal hlustaði rannsakandi á það og skrifaði niður helstu svör viðmælenda. Að þeirri vinnu lokinni voru gögnin greind í þemu sem niðurstöðurnar eru byggðar á.

2 Aurora velgerðarsjóður

Aurora velgerðasjóður var settur á laggirnar að frumkvæði hjónanna Ingibjargar Kristjánsdóttur landslagsarkitekts og Ólafs Ólafssonar stjórnarformanns Samskipa. Sjóðurinn var stofnaður 23. janúar 2007.

Megintilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja menningar- og góðgerðastarfsemi á Íslandi og erlendis. Áhersla er lögð á stuðning við verkefni sem geta haft víðtæk áhrif og virkað sem vítamínsprautu á samfélagið. Í skipulagsskrá (sjá viðauka 1) kemur fram að í hlutverki sjóðsins felist „fjárhagslegur stuðningur við einstaklinga, félög, félagasamtök og samfélög af ýmsum toga, auk stuðnings við þá sem höllum fæti standa vegna aðstæðna sem þeir búa við, svo sem vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum.“

Á heimasíðu sjóðsins segir að stefnt sé að því að með tímanum verði Aurora velgerðasjóður virkt og lifandi stuðningsafl í þróunarhjálp sem starfi náið með stjórnvöldum, hjálparstofnunum og íbúum á hverjum stað. Að sama skapi leitast Aurora við að veita menningarstarfsemi á Íslandi öflugan stuðning. Verkefni eru valin að vandlega athuguðu máli og þeim er fylgt eftir eins og kostur er. Sjóðurinn leggur áherslu á styrkja hvert verkefni myndarlega þannig að stuðningurinn geti jafnvel skipt sköpum fyrir tilurð og framgang þess. Aurora mun í sumum tilvikum hafa frumkvæði að verkefnum og hrinda þeim í framkvæmd í samvinnu við þá sem hlut eiga að máli.

Fimm manna stjórn¹ var kjörin á stofnfundi Aurora velgerðasjóðs. Hún ber ábyrgð á stefnumörkun og rekstri sjóðsins og hefur sett sér starfsreglur (sjá viðauka 2).

Stofnfé Aurora velgerðasjóðs er einn milljarður króna sem stofnendur lögðu honum til. Ráðstöfunarfé sjóðsins hverju sinni er vaxtatekjur og annar arður af stofnfé, auk annars fjár sem sjóðnum kann að áskotnast (Aurora, 2010).

¹ Stjórn Aurora velgerðarsjóðs: Ingibjörg Kristjánsdóttir, Ólafur Ólafsson, Sigurður Einarsson, Sigurður Guðmundsson og Þórunn Sigurðardóttir.

2.1 Verkefni 2008

Stjórn Aurora velgerðasjóðs ráðstafaði alls 210 milljónum króna til fjögurra verkefna þegar hún kynnti starfsemi sjóðsins og fyrstu styrktarverkefni hans 23. janúar 2008. Tvö verkefni hlutu styrki til tiltekinnar ráðstöfunar árið 2008:

- Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit, 20 milljónir króna til uppbyggingar.
- Héraðssjúkrahúsið í Mangochi í Malaví, 20 milljónir króna vegna framkvæmda við stækkun og eflingu barnadeildar.

Tvö verkefni hlutu styrki til þriggja ára:

- Bygging skólahúsa í Síerra Leóne með tilheyrandi búnaði og tækjum, 40 milljónir króna á ári 2008-2010 eða alls 120 milljónir króna.
- Kraumur tónlistarsjóður sem Aurora velgerðasjóður stofnaði í því skyni að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar og kynningar á verkum sínum. Aurora lagði nýja sjóðnum til 20 milljónir króna árið 2008, 15 milljónir króna 2009 og aftur 15 milljónir króna 2010 eða alls 50 milljónir króna.

2.2 Verkefni 2009

Stjórn Aurora velgerðasjóðs veitti 12. febrúar alls 111,5 milljónir króna í styrki til sex verkefna á sviði mannúðar, mennta og menningar hérlendis og í Afríkuríkjunum Síerra Leóne og Mósambík, þar af til fjögurra verkefna sem sjóðurinn hefur ekki styrkt áður.

Árið 2009 voru styrkir veittir styrkir úr Aurora velgerðasjóði í annað sinn. Samkvæmt stofnskrá er gert ráð fyrir að verja arði og vaxtatekjum sjóðsins til verkefna í þróunarlöndum og til verkefna sem stuðlað geta að göfugra mannlífi á Íslandi.

2.2.1 Ný verkefni

Hönnunarsjóður Auroru er tilraunaverkefni til þriggja ára og fær 25 milljónir króna á ári til að styrkja hönnuði við að koma verkefnum sínum á framfæri og aðstoða við vöruþróun, frumframleiðslu (e. *prototype*) og markaðssetningu hérlendis og erlendis. Sjóður af þessu tagi hefur aldrei verið til á Íslandi. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn miðli þekkingu á sviði hönnunar og stuðli að samstarfi hönnuða og aðila úr atvinnulífinu.

Rauði kross Íslands fær 20 milljónir króna til stuðnings þremur verkefnum: Hjálparsímanum 1717, væntanlegri miðstöð fyrir atvinnulausa og aðra sem þurfa á sálrænum stuðningi og ráðgjöf að halda til að bregðast við breyttum aðstæðum í samfélaginu og Vin, athvarfi fólks með geðraskanir. Fjárhæðinni verður skipt á milli verkefnanna þriggja. Þörf fyrir aðstoð Rauða krossins af þessu tagi hefur aukist stórlega í efnahagskreppunni.

UNICEF á Íslandi fær 3,5 milljónir króna til styrktar verðlaunuðu útvarpsverkefni samtakanna með börnum og ungmennum í Mósambík sem yrði að nokkru leyti fyrirmynd nýs útvarpsþáttar fyrir ungmenni sem í deiglunni er hérlendis í tilefni tvítugsafmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, með stuðningi UNICEF á Íslandi.

Hugi Guðmundsson tónskáld fær 3 milljónir króna fyrir hönd aðstandenda heimasíðunnar MusMap.com til styrktar alþjóðlegu menningarverkefni sem ætlað er að efla klassíska tónlist og vinna henni ný lönd með því að nota Vefinn. Heimasíðan er afrakstur sjálfboðavinnu og er í þeim frumkvöðlaanda sem Aurora velgerðasjóður vill hlúa að og efla.

2.2.2 Verkefni til þriggja ára

Menntaverkefni UNICEF í Afríkurlíkinu Síerra Leóne fær 40 milljóna króna framhaldsstyrk til að byggja upp barnvænt menntakerfi og skólahúsnæði, einkum með þarfir stúlkubarna í huga. Stofnað var til verkefnisins í fyrra og jafnframt tilkynnt að Aurora myndi ráðstafa til þess alls 120 milljónum króna í þrennu lagi á árunum 2008-2010. Styrktarverkefnið í Síerra Leóne er hið stærsta og umfangsmesta á vegum Auroru velgerðasjóðs til þessa.

Kraumur, tónlistarsjóður Auroru fær 20 milljónir króna til að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar og kynningar á verkum sínum. Árið 2008 var tilkynnt að Aurora myndi ráðstafa 50 milljónum króna til tónlistarsjóðsins alls í þrennu lagi á árunum 2008-2010. Stjórn Auroru ákvað að bæta 5 milljónum við 15 milljóna króna framlagi árið 2009. Starfsemi Kraums er umfangsmikil og blómleg og sjóðurinn hefur víða komið við. Hann styrkti tónleika og tónleikaferðalög heima og heiman, aðstoðaði við markaðssetningu og stóð fyrir nýjum tónlistarverðlaunum eða Kraumsverðlaunum, svo nokkuð sé nefnt.

3 Kraumur tónlistarsjóður

Meðal verkefna Aurora er styrktarverkefnið Kraumur sem ætlað er að styðja íslenskt tónlistarlíf (Kraumur, 2010). Í lýsingu á heimasíðu sjóðsins segir að Kraumur sé sjálfstæður sjóður og starfsemi sé á vegum Auroru velgerðasjóðs. Kraumur hefur það meginhlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf, fyrst og fremst með stuðningi við unga listamenn, auðvelda þeim að vinna að listsköpun sinni og koma verkum sínum á framfæri innanlands sem utan. Markmiðið er að styrkja stöðu ungra tónlistarmanna á Íslandi með beinum styrkjum, faglegri aðstoð og samstarfi af ýmsu tagi.

Ætlunin er að Kraumur styrki tiltölulega fá verkefni/listamenn en geri það þannig að stuðningurinn sé afgerandi. Hvert verkefni skal í upphafi skilgreint í tilheyrandi samningi með fjárhags- og tímaáætlun. Framkvæmdastjóri Kraums, Eldar Ástþórsson, er listamönnum til halds og trausts og annast tengsl sjóðsins við samstarfsaðila og fylgir því eftir að markmiðum samstarfs og stuðnings sé náð. Stofnendur líta á Kraum tónlistarsjóð sem þriggja ára tilraunaverkefni sem ljúki í lok árs 2010 nema stjórn Auroru velgerðasjóðs ákveði annað.

Í stjórn sjóðsins sitja Pétur Grétarsson, stjórnarformaður Kraums, og Ásmundur Jónsson, meðstjórnandi. Á ársfundi Kraums þann 15. apríl 2010 kvaddi Þórunn Sigurðardóttir stjórn Kraums en hún hafði verið stjórnarformaður frá að sjóðurinn var settur á laggirnar í upphafi árs 2008. Pétur Grétarsson varaformaður stjórnarinnar tók þá við sem stjórnarformaður en von er á nýjum aðila í stjórn Kraums síðar á árinu 2010.

Framkvæmdastjóri Kraums er Eldar Ástþórsson. Í fagráði sjóðsins eru Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður, Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN, Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu, Mist Þorkeldsdóttir, deildarforseti Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands, Kjartan Sveinsson, hljómborðsleikari Sigur Rósar, og Sigurjón Birgir Sigurðsson (Sjón), rithöfundur.

Framkvæmdastjóri velur listamenn/verkefni, gerir tillögur til stjórnar Kraums um styrkhafa og leggur samninga þar að lútandi fyrir hana. Unnt er að sækja um með tilgreind verkefni en einnig getur framkvæmdastjóri haft frumkvæði að samningum við listamenn. Fagráð Kraums hittist að minnsta kosti einu sinni á ári.

Í yfirlýsingu sjóðstjórnar rökstyður hún stuðning sinn við íslenskt tónlistarlíf:

Íslenskt tónlistarlíf er sérstakt um margt, einkum vegna áberandi krafts og áræðis sem einkennir tónlistarfólk af yngri kynslóðinni. Sykurmolarnir og Björk ruddu braut í tónlistarútrás sem á sér enga hliðstæðu. Fjöldamargir tónlistarmenn fetuðu í fótspor þeirra með undraverðum árangri og nú er tónlistarlíf á Íslandi orðinn einn sterkasti þátturinn í ímynd lands og þjóðar út á við. Óvenjulegt samspil dægurtónlistar og sígildrar tónlistar getur orðið drifkraftur frekari landvinninga. Stuðningur við unga tónlistarmenn, til verkefna og samstarfs af ýmsu tagi, skýtur styrkari stóðum undir þennan mikilvæga vaxtarbrodd í íslensku menningarlífi. (Kraumur, 2010)

3.1 Yfirlit úthlutana og verkefna 2008

3.1.1 Beinn stuðningur við listamenn árið 2008

Fyrsta úthlutun sjóðsins fór fram í apríl 2008 þar sem tæpum tíu milljónum króna var skipt á milli ýmissa verkefna.

Mugison	Tónleikahald og kynning á erlendum vettvangi	4.000.000 kr.
Amiina	Tónleikahald á landsbyggðinni	1.200.000 kr.
Víkingur Heiðar Ólafs.	Tónleikahald, kennsla og kynning í framhaldssk.	1.000.000 kr.
Celestine	Framkvæmda- og vinnustuðningur við hljómplötug.	500.000 kr.
Dikta	Framkvæmda- og vinnustuðningur við hljómplötug.	500.000 kr.
Elfa Rún Kristinsdóttir	Framkvæmda- og vinnustuðningur við hljómplötug.	500.000 kr.
FM Belfast	Framkvæmda- og vinnustuðningur við hljómplötug.	500.000 kr.
Ólöf Arnalds	Framkvæmda- og vinnustuðningur við hljómplötug.	500.000 kr.
Skakkamanage	Framkvæmda- og vinnustuðningur við hljómplötug.	500.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>9.200.000 kr.</i>

3.1.2 Sjálfstæð verkefni Kraums árið 2008

Innrásin:

Átak til að styðja hljómsveitir og listamenn við tónleikahald innanlands, sér í lagi á landsbyggðinni, og auka þar með við möguleika listamanna til tónleikahalds, gefa þeim færi á að koma sér og tónlist sinni á framfæri víðar en á höfuðborgarsvæðinu og efla

tónlistarlíf á landsbyggðinni. Meðal þeirra listamanna sem styrktir hafa verið til tónleikahalds eru; Benni Hemm Hemm, Benny Crespo's Gang, Bloodgroup, Borko, Dr. Spock, Elfa Rún Kristinsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir, Morðingjarnir, Njútón, Reykjavík!, Sign, Skátar og Sykur.

Kraumsverðlaunin:

Ný plötuverðlaun, sett á fót í þeim tilgangi að kynna og styðja við plötuútgáfu íslenskra hljómsveita og listamanna - og verðlauna og vekja sérstaka athygli á þeim verkum sem skara fram úr í gæðum, metnaði og frumleika. Kraumur styður við verðlaunaplöturnar, og eykur jafnframt við möguleika listamannanna bakvið þær til að koma verkum sínum á framfæri utan landsteinana, með því að kaupa ákveðinn fjölda af plötunum og dreifa til ýmissa starfsmanna tónlistarbransans erlendis.

Önnur verkefni árið 2008

Náttúra - tónleikar 28. júní með Sigur Rós, Björk og Ólöf Arnalds:

Aurora velgerðasjóður og Kraumur lögðu tónleikunum lið, þar sem öllum var heimill aðgangur án endurgjalds. Þegar hæst stóð voru um 30 þúsund manns í brekkunni við þvottalaugarnar, um 2,5 milljónir manna fylgdust með á netinu víða um heim.

Video / internet / podcast þáttagerð:

Kraumur styður Stuart Rogers við að gera íslensku tónlistarlífi og tónlistarmönnum skil í máli og myndum á internetinu. Video Podcast þættir Stuart hafa hlotið verðskuldaða athygli á Youtube og hans eigin net-sjónvarpsstöð; Lo Fi TV. Hann hefur m.a. tekið upp tónleika Innrásarinnar á landsbyggðinni, heimsótt listamenn í æfingahúsnæði og stúdía listamanna og tekið upp efni á Iceland Airwaves-hátíðinni. Auk Kraums hefur skrifstofa Ferðamálaráðs í Bandaríkjunum stutt við komu Stuart Rogers hingað til lands.

Tónleikadagskrá á Iceland Airwaves, á Smiðjustíg:

Kraumur og Kimi plötuútgáfan setti saman dagskrá í æfingahúsnæði nokkurra hljómsveita á Smiðjustíg 4a (við hlið Grand rokk) yfir Iceland Airwaves-hátíðina þar sem nokkrar vonarstjörnur íslensks tónlistarlífs komu fram; m.a. Retro Stefson, Reykjavík!, Dísa, Arnljótur og vinir og Borko. Aðgangur var ókeypis.

Tónleikar Ólafs Arnalds (ásamt Ólöfu Arnalds) í Fríkirkjunni, 18. desember:

Ólafur Arnalds lýkur 6 mánaða tónleikaferðalagi um Evrópu og Norður-Ameríku með tónleikum í Fríkirkjunni. Kraumur styður við og kemur að undirbúningi tónleikana.

Tónleikar í Íslensku óperunni, 28 desember:

Nokkrar af efnilegustu hljómsveitum landsins krafta sína og ákveðið að halda stórtónleika í Íslensku óperunni. Fram koma For a Minor Reflection, Retro Stefson, Ólafur Arnalds, XXX Rottweiler og Ultra Mega Technobandið Stefán.

3.2 Yfirlit úthlutana og verkefna 2009

3.2.1 Samstarf og beinn stuðningur við listamenn

Hjaltalín	Plötugerð, tónleikahald & önnur starfsemi	1.200.000 kr.
Nordic Affect	Plötugerð	500.000 kr.
Sindri Már S./Sin Fang Bous	Plötugerð	500.000 kr.
Ólöf Arnalds	Plötugerð	500.000 kr.
Ólafur Arnalds	Plötugerð	500.000 kr.
For a Minor Reflection	Plötugerð	500.000 kr.
Lay Low	Tónleikahald og kynning erlendis	500.000 kr.
Mógil	Tónleikahald innanlands og á WOMEX hátíðinni	500.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>4.700.000 kr.</i>

3.2.2 Samstarfsverkefni

Stuðningur við tónleika ungra listamanna á Listahátíð (Stofutónleikar)	1.000.000 kr.
Tónlistarhátíð unga fólksins	400.000 kr.
Reykjavík Jazz Performance Workshop	400.000 kr.
Vinnusmiðja á You are in control ráðstefnunni	400.000 kr.
Myndir & Mayhem, ljósmyndasýning og tónleikadagskrá á Iceland Airwaves	200.000 kr.
<i>Samtals</i>	<i>2.400.000 kr.</i>

3.2.3 Innrásin

Átak Kraums til stuðnings tónleikahalds á landsbyggðinni. Markmið Innrásarinnar er að auka við möguleika listamanna og hljómsveita til tónleikahalds, gefa þeim færi á að koma sér og tónlist sinni á framfæri víðar en á höfuðborgarsvæðinu og efla tónlistarlíf á landsbyggðinni.

Árstíðir, Svavar Knútur & Helgi Valur (Rás 2 plokkar hringinn)	400.000 kr.
Trúbatrix (ýmsir listamenn)	400.000 kr.
Sudden Weather Change, Retro Stefson o.fl. (Sumargleði, Lunga)	400.000 kr.
Nögl og hljómsveitir á þeim stöðum heimsóttir eru.	200.000 kr.
Momentum og fleiri hljómsveitir Molestin Records á Eistnaflugi.	200.000 kr.
<i>Samtals</i>	<i>1.600.000 kr.</i>

3.2.4 Eigin verkefni Kraums

Kraumsverðlaunin (stuðningur við plötuútgáfu)	1.200.000 kr.
Hljóðverssmiðjur Kraums og Tanksins (þremur verðlaunahöfum)	1.000.000 kr.
Músíktílauna 2009 tryggt pláss)	
Námskeiðahald og vinnusmiðjur á Aldrei fór ég suður	500.000 kr.
<i>Samtals</i>	<i>2.700.000 kr.</i>

3.3 Yfirlit úthlutana og verkefna 2010

Samþykkt verkefni og styrkir fyrir árið 2010, samkvæmt úthlutunum og samþykkttri áætlun stjórnar í júlí 2010. Ráðgert er að fleiri minni verkefni bætist við.

3.3.1 Útrás – stuðningur og samstarf við listamenn og hljómsveitir

Stuðningur og samstarf við listamenn og hljómsveitir við að koma sér og verkum sínum á framfæri á erlendum vettvangi.

Daníel Bjarnason	Kynningarstarfsemi og tónleikar í Evrópu og USA	1.000.000 kr.
FM Belfast	Kynning og tónleikar í Skandinavíu og Evrópu	1.000.000 kr.
Feldberg	Útgáfa og kynning, tónleikar Great Escape & víðar	400.000 kr.
Mammút	Tónleikaferð og kynning í Þýskalandi	400.000 kr.

Ourlives	Kynningartónleikar og vinna í Bretlandi	400.000 kr.
Ólöf Arnalds	Tónleikar & kynning í tengslum við nýja breiðskífu	400.000 kr.
Sammi & Big Band	Tónleikar á hátíðum og í Evrópu sumarið 2010	400.000 kr.
Seabear	Tónleikaferðir og kynning í Evrópu og USA	400.000 kr.
Sólstafir	Átta tónlistarhátíðir í Evrópu (Wacken, Tuska o.fl.)	400.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>4.800.000 kr.</i>

3.3.2 Innrás – Stuðningur og samstarf við listamenn og hljómsveitir við tónleikahald

Kammerkórinn Carmina	Tónleikaferð um Ísland í September 2010	600.000 kr.
Bloodgroup	Tónleikar innanlands + í Færeyjum	300.000 kr.
Trúbatrix hópur	Tónleikar & kynning á nýrri safnplötu; Taka 2	300.000 kr.
K-Trío	Tónleikaferð um Ísland, kynning á nýrri plötu	200.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>1.400.000 kr.</i>

3.3.3 Plötugerð og innlend verkefni

Stuðningur og samstarf við listamenn og hljómsveitir á sviði lagasmíða, plötugerðar og kynningar.

Bang Gang	Hljóðfæraleikur og vinnsla nýrrar breiðskífu	400.000 kr.
Bryndís Jakobsdóttir	Hljóðfæraleikur og vinnsla nýrrar breiðskífu	400.000 kr.
Einar Scheving	Hljóðfæraleikur og vinnsla nýrrar breiðskífu	400.000 kr.
Hafdís Bjarnadóttir	Íslandshljóð: Hljóðritun náttúru og eigin verka	400.000 kr.
Leaves	Hljóðfæraleikur og vinnsla nýrrar breiðskífu	400.000 kr.
Retro Stefson	Vinnsla nýrrar breiðskífu og kynningarstarf	400.000 kr.
Víkingur Heiðar Ólafsson	Hljóðfæraleikur og vinnsla nýrrar breiðskífu	400.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>2.800.000 kr.</i>

3.3.4 Eigin verkefni og samstarfsverkefni Kraums

Kraumsverðlaunin 2010	Stuðningur & viðurkenning við ísl. plötuútgáfu	900.000 kr.
Hljóðverssmiðjur 2010	Fræðsla, handleiðsla & uppt. upprennandi listam.	900.000 kr.
Námskeið og ráðstefna	Fræðsla opin öllum á Aldrei fór ég suður	500.000 kr.
Leitin að ungum tónskáldum	Samstarf við Við Djúpið og Rás 1	400.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>2.700.000 kr.</i>

4 Hönnunarsjóður Auroru

Aurora velgerðarsjóður stofnaði Hönnunarsjóð Auroru 13. febrúar 2009 og veitti til hans 25 milljónir í þrjú ár, eða alls 75 milljónir (Hönnunarsjóður Auroru, 2010). Sjóðurinn er þriggja ára tilraunaverkefni sem hefur að markmiði að skjóta styrkum stoðum undir íslenska hönnun með því að veita hönnuðum fjárhagslega aðstoð. Markmið sjóðsins er að styrkja hönnuði til að koma sjálfum sér, hugmyndum sínum, vörum og verkefnum á framfæri og aðstoða við vöruþróun, prótótýpugerð og markaðssetningu héraðs og erlendis. Einnig getur sjóðurinn haft frumkvæði að sjálfstæðum verkefnum sem þjóna tilgangi hans svo sem að standa að viðurkenningum eða sýningum og vera samstarfsvettvangur hönnuða og aðila úr atvinnu- og viðskiptalífínu. Auk þessa mun sjóðurinn einnig miðla þekkingu á sviði hönnunar, í samstarfi við aðra aðila í faginu, eftir því sem við á. Sjóðurinn verður opinn öllum hönnuðum og starfræktur á faglegum grunni. Hönnunarsjóður Auroru og Hönnunarmiðstöð Íslands munu deila húsnæði.

Í stjórn Hönnunarsjóðs Auroru sitja Ingibjörg Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt, formaður, Jóhannes Þórðarson, arkitekt, deildarforseti hönnunar- og arkitektúrseildar LHÍ, meðstjórnandi, Halla Helgadóttir, grafískur hönnuður, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, meðstjórnandi, Þórey Vilhjámsdóttir, starfandi framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, varamaður stjórnar. Framkvæmdastjóri er Hlín Helga Guðlaugsdóttir.

Í fagraði Hönnunarsjóðs Auroru sitja Áslaug Magnúsdóttir, TSM Capital í New York, Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks og dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, Eyjólfur Pálsson, húsgagnahönnuður og kaupmaður í Epal, Sigurður Þorsteinsson, iðnhönnuður og eigandi Design Group Italia, Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt, VA arkitektar, Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands og Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður.

Í yfirlýsingu sjóðstjórnar rökstyður hún stuðning sinn við íslensk hönnunarverkefni:

*Þörf er á sérstökum hönnunarsjóði á Íslandi til að styðja við bak
efnilegra hönnuða en ekki síður til að efla grasrótastarf í hönnun og*

*Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands 2010.
Árangursmat á styrkveitingum Kraums tónlistarsjóðs og Hönnunarsjóðs Auroru.*

vera vettvangur hugmynda og skapandi hugsunar í greininni. Stjórn Auroru vonar að nýi sjóðurinn stuðli að því að íslensk hönnun vaxi og dafni og verði ein af stöðunum sem skotið verði undir atvinnulífið við endurreisn þess. Reyndar er engu líkara en að efnahagshrunið hafi beinlínis leyst úr læðingi frjóa hugsun og sköpunarkraft Íslendinga, meðal annars í hönnunarsamfélaginu. Hönnuðir sjá fjölda nýrra tækifæra til að leggja sitt af mörkum í endurreisnarstarfinu. Hönnunarsjóður Auroru getur orðið sá vettvangur sem nauðsynlegur er til að hrinda hugmyndum í framkvæmd í samvinnu hönnuða og atvinnulífs (Hönnunarsjóður Auroru, 2010).

4.1 Yfirlit úthlutana og verkefna í maí 2009

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir	Gleym mér ei / Forget me not	2.000.000 kr.
Gunnar Vilhjálmsson	Gunnar Vilhjálmsson	500.000 kr.
Hönnunarmiðstöð Íslands	„Íslensk samtímahönnun“ (sýning)	1.000.000 kr.
Jón Björnsson	Jón Björnsson	860.000 kr.
Katrín Ólína Pétursdóttir	Katrín Ólína Pétursdóttir	<i>(flutt til 2010)</i>
KRONbyKRONKRON	KRONbyKRONKRON	1.800.000 kr.
Linda Björg Árnadóttir	Scintilla	1.000.000 kr.
Sara María	Forynja / Nakti Apinn	2.000.000 kr.
Vík Prjónsdóttir	Vík Prjónsdóttir	1.000.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>10.160.000 kr.</i>

4.2 Yfirlit úthlutana og verkefna í október 2009

Andrea Maack	Andrea Maack	2.000.000 kr.
Bóas Kristjánsson	8045	1.000.000 kr.
Charlie Strand	Future Proof (bók)	1.000.000 kr.
Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir	Gleym mér ei / Forget me not	1.000.000 kr.
Laufey Jónsdóttir	Starfsreynsla: Blik by LJ for Glófi	540.000 kr.
Listaháskóli Íslands	Stefnumót bænda og hönnuða	1.080.000 kr.
Snæbjörn Stefánsson	Hugdetta	500.000 kr.
Sonja Bent	Sonja Bent	750.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>7.870.000 kr.</i>

4.3 Yfirlit úthlutana og verkefna í febrúar 2010

Bóas Kristjánsson	8045	1.000.000 kr.
Dagný Bjarnadóttir	FurniBloom	1.000.000 kr.
KRONbyKRONKRON	KRONbyKRONKRON	1.800.000 kr.
Hörður Lárusson	Fáninn 2 (bók)	1.000.000 kr.
Skyggni Frábært	Ylhús fyrir alla	1.000.000 kr.
Vík Prjónsdóttir	Vík Prjónsdóttir	1.000.000 kr.
Kristrún Thors	Starfsreynsla hjá Studio Bility	540.000 kr.
Laufey Jónsdóttir	Starfsreynsla: Blik by LJ for Glófi	540.000 kr.
Katrín Ólína Pétursdóttir	Katrín Ólína Pétursdóttir	2.500.000 kr.
<i>Samtals</i>		<i>10.380.000 kr.</i>

5 Niðurstöður um Kraum tónlistarsjóð

Tekin voru 19 viðtöl við styrkþega Kraums tónlistarsjóðs og eitt viðtal við Eldar Ástþórsson framkvæmdastjóra sjóðsins. Tilgangurinn var að kanna hvernig viðmælendur nýttu styrkinn, hvernig umsóknarferlinu var háttað og hvernig samskiptum er háttað á milli styrkþega og Eldars Ástþórssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins.

Í eftirfarandi kafla er stiklað á helstu niðurstöðum viðtala sem tekin voru við styrkþega Kraums tónlistarsjóðs. Tekið skal fram að viðmælendum var lofað að fyllsta trúnaðar yrði gætt og því á ekki að vera hægt að rekja ummæli aftur til þeirra sem eiga þau.

5.1 Verkefni styrkþega og styrkuppþæðir

Flestir styrkir úr Kraumi tónlistarsjóði voru veittir í annaðhvort plötuupptökur og útgáfu eða tónleikaferðalög innanlands og erlendis. Kraumur styrkir einnig verkefni af öðrum toga en þar á meðal nefndu viðmælendur að þeir hefðu fengið styrk til að standa straum af kynningarstarfi erlendis á plötuútgáfu, kynningu á klassískri tónlist í framhaldsskólum á Íslandi og fleira.

Styrkirnir sem veittir hafa verið veittar frá stofnun sjóðsins árið 2008 eru á bilinu 200 þúsund krónur upp í 4 milljónir króna. Flestir styrkirnir voru um og í kringum 500 þúsund krónur.

5.2 Úrvinnsla styrksins

Verkefnunum sem viðmælendur höfðu sótt um styrk fyrir var flestum lokið en fáein voru ennþá í vinnslu. Sá hluti viðmælenda sem voru enn að vinna í verkefnum sínum töluðu um að styrkirnir væru ekki greiddir út í heild sinni heldur í áföngum. Mörg verkefnanna eru margþætt og kváðust þeir fá þann hluta styrksins sem á að fara í ákveðinn hluta verkefnisins þegar á hólminn er komið. Einn viðmælandi lýsti fyrirkomulaginu þannig: „... þeir passa sig að láta styrkinn ekki af hendi fyrr en verkefnið er alveg að bresta á. Við fáum t.d. ekki 200 kallinn fyrr en við förum á túrinn og fengum 300 kallinn þegar upptökur voru hafnar.“

5.3 Umsóknarferlið

Viðmælendur lýstu umsóknarferlinu hjá Kraumi tónlistarsjóði á mismunandi hátt, allt eftir því hvenær þeir sóttu um styrk. Fyrstu starfsár sjóðsins var umsóknarferlið mjög óformlegt þar sem enginn umsóknarfrestur var gefinn umsækjendum og umsóknin var oft og tíðum í formi tölvupósts eða spjalls á milli tónlistarmanna og Eldars.

Þessir viðmælendur lýstu umsóknarferlinu þannig: „Þetta var ekki orðið alveg jafn formlegt og þetta er orðið núna. Við lögðum bara fram þetta verkefni, það var ekkert formlegt eyðublað eða neitt“, „Það var nú ekki flókið. Við sendum honum bara meil og við fengum meil til baka. Engin formleg umsókn.“, „Það var í raun engin formleg umsókn. Þetta var bara fundur með Eldari, hitti hann og sagði honum frá plönnum um plötuna. Það var ekkert skriflegt í mínu tilfelli.“ og „... ég skrifaði honum bara email og sagði honum hvað ég væri að pæla. Það var annar sem sá um þetta fyrir [...] og hann spjallaði bara við Eldar og sendi honum eitthvað um þetta á emaili.“

Stjórn Kraums ákvað að breyta umsóknarferli sjóðsins í formfastara form til að opna sjóðinn meira, eins og Eldar komst að orði. Þeirra tilfinning var að mikið af tónlistarmönnum hringdu og spurðust fyrir um sjóðinn en sóttu aldrei um. Stjórnin áleit því að breytingarnar gætu virkað sem hvatning fyrir þá tónlistarmenn sem sóttu aldrei um vegna þess hve óformlegt umsóknarferlið var. Eldar útskýrir: „Kraumur er ekki bara sjóður fyrir þá sem eru góðir að sækja um. Það er fullt af svoleiðis fólki til og mikið af fólki sem eru ekki góðir í því að búa til umsóknir.“

Þeir viðmælendur sem sóttu um styrk hjá Kraumi eftir að umsóknarferlinu var breytt lýstu því meðal annars þannig:

Þetta var alveg formlegt ... ég skrifaði alveg 2-3 síður þar sem ég útskýrði alveg nákvæmlega hvað ég ætlaði mér að gera og af hverju mig langaði að gera það. Með fjárhagsáætlun og svona. Og það var alveg auglýstur deadline og svona. Ég man það alveg. Þetta var svona hefðbundið á þann hátt.

Sumir viðmælendur höfðu sótt um oftast en einu sinni og höfðu því samanburð á hvernig umsóknarferlið hafði breyst frá því að sjóðurinn hóf starfsemi sína.

Ég gerði einhverja umsókn. Ég reyndi að nýta námið í það. Búa til flott plön. Létum hann fá það, kostnaðaráætlun,

*Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands 2010.
Árangursmat á styrkveitingum Kraums tónlistarsjóðs og Hönnunarsjóðs Auroru.*

markmið og allt svoleiðis. En það var ekkert umsóknarferli og enginn deadline. Núna gerði ég alveg formlegt umsóknarbréf, sem tók alveg marga daga, en þarna áður þá höfðum við bara samband við hann og leitum til að hjálpa okkur.

Annar viðmælandi tók í svipaðan streng og bætti við hversu þægileg samskiptin á milli hans og Eldars voru:

Það var mjög óformlegt á þessum tíma. Allt öðruvísi en í ár. Það var engin formleg umsókn heldur skrifaði ég bara hvað við værum að gera. Mér fannst það bara frábært, svo mannlegt eitthvað. Var bara í email samskiptum við Eldar. Mér fannst það bara frábært. Það var svo persónulegt. Eldar er náttúrulega svo frábær. Svo þægilegt að geta talað við hann og hann svaraði manni alltaf vel og svona.

Einn viðmælendanna sá sér hag í því að þurfa að útbúa umsókn því þannig sæi hann á blaði verkefnið sem hann hafði í huganum þegar hann leitaði til Kraums. Hann lýsir því þannig: „Svona styrkjaferli geta líka verið mótiverandi fyrir listamenn svo þeir setji niður á blað og sjái fyrir sér hvernig þeir ætli að gera hlutina.“

Viðmælendur gátu almennt ekki bent á nein alvarleg vandamál í umsóknarferlinu. Hins vegar sótti einn viðmælandi um styrk hjá Kraumi um sumarið 2008 og fékk ekki svar við umsókninni fyrr en í desember sama ár og þótti honum það heldur langur svörunartími. Þá þótti einum viðmælenda lengdartakmörkun umsóknarinnar miður. Hann lýsti því þannig: „Og í ár var maður beðinn um að halda þessu í 1-2 bls. Og mér fannst það svolítið afmarkandi þegar maður hefur frá miklu að segja í stóru verkefni.“

Viðmælendur voru almennt ánægðir með tímenn sem leið frá því að umsókn er lögð fram og þar til styrkurinn er mótttekinn. Sumir báru úthlutun styrkja frá því að sótt er um við aðra sjóði og algeng svör voru: „Miðað við af fenginni reynslu var þetta bara fínn tími.“

5.4 Afrakstur þess að hljóta styrkinn

Viðmælendur voru beðnir um að tilgreina helsta afrakstur þess að hafa fengið úthlutað styrki frá Kraumi. Viðmælendur voru allir sammála um að styrkurinn hafi hjálpað þeim mikið í framkvæmd verkefnisins sem sótt var um. Sumir viðmælendanna orðuðu afraksturinn þannig að ef þeir hefðu ekki hlotið styrkinn þá hefði orðið lítið úr

frankvæmd verkefnisins. Algeng svör hjá viðmælendum voru til dæmis: „Við gátum farið af stað“, „Við gátum farið af stað með þetta verkefni og erum á lokametrinum með að klára það“ og „Hann [styrkurinn] var svolítið til þess að maður kýldi á þetta.“ Einn viðmælendi sagði hljómsveit sína hafa fengið tilboð um að fara í kostnaðarsamt hljómleikaferðalag sem sveitin hafði ekki efni á: „Þannig að... já... þegar við fengum styrkinn þá gátum við sagt svona, fast on, já“. Hér á eftir fylgja nokkur ítarlegri ummæli viðmælenda sem lýsa þessu og hvernig verkefnið jók meðvitund fólks um verkefnið eða hljómsveitina sem sótt var um styrk fyrir:

Það er bara þetta verkefni og þessi túr sem við hefðum annars ekki farið. Þessi upphæð gerði það að verkum að við gátum boðið fólki ókeypis inn á tónleikana. Spiluðum á óhefðbundnum stöðum ... og það var alltafín mæting.

Sko, við hefðum ekkert getað spilað í [...] án Kraums. Það er bara þannig. Þetta var rosadæmi ... það var alveg frábært að fá þetta, rosalegt tækifæri, það sem kemur út úr þessu er alveg æðislegt. Við fengum tilboð eiginlega strax að spila í [...]. Þetta var svona messa með fullt, fullt, fullt af fólki sem að var að horfa á hljómsveitir fyrir tónleikahald heima hjá sér ... við hefðum aldrei farið án þess að fá Kraumsstyrkinn.

Það var farið í tónleikaferð um allt landið, allan hringinn. Fórum í samstarf við RÚV, eða Rás 2, þeir hjálpuðu með auglýsingar í útvarpi og viðtöl. En þessi túr hefði ekki gerst ef við hefðum ekki fengið peninginn. Og viðtökurnar sem við fengum voru geðveikar, í hverju bæjarfélagi. Ég hef fengið email frá fólki utan af landi, sem vita hvað [...] er. Ef við hefðum ekki farið þá væri engin meðvitund um okkur.

Aðrir viðmælendur tóku í sama streng og fyrri viðmælendur og bæta við að styrkurinn hafi einnig verið ákveðið fjárhagslegt öryggi:

Við erum í rauninni ekki með neitt, þurfum að sækja um fyrir öllu á hverju ári. Og þarf að gera samninga við fullt af fólki og þetta eru allt saman launagreiðslur. Þetta stendur ekki undir sér, það sem maður fær fyrir þetta. Maður er háður því að fá

styrki. Þannig að, það að hafa fengið styrkinn bjargaði okkur á síðasta ári. Þetta hefur ekkert smá mikla þýðingu.

Við munum alltaf reyna gera þetta en þetta hafði allavega þau áhrif að við gátum sofð á nóttinni í þrjá mánuði. Ég er ábyrgðarmaður og ég þurfti ekki að gangast í ábyrgð.

Ég fékk dálítið marga styrki í fyrra, mér tókst að smala vel. Þannig að það tókst að ná fyrir kostnaði. Kraumsstyrkurinn var langstærstur og hann gerði gæfumuninn. Ég meina, þegar ég fékk hann þá vissi ég að við gætum farið. Ég var í óvissu alveg þangað til hvort við hefðum þurft að borga þetta úr eigin vasa og ég veit ekki alveg hvort við hefðum gert það sko.

Nokkrir viðmælendur lýstu afrakstri þess að hljóta styrkinn þannig að verkefnið varð veglegra en það hefði annars verið án styrksins. Lýstu þeir þessu þannig að verkefnið hefði orðið að veruleika hvort sem þeir hefðu fengið styrkinn eða ekki en styrkurinn gerði þeim kleift að gera verkefnið „stærra“:

Það hjálpaði náttúrulega rosalega mikið. Styrkurinn stækkaði útgáfuna, ef svo má segja. Hún hefði ekki verið jafn glæsileg og hún var. Gátum gefið út á fleiri stöðum og náðum að fara á túr og spila þessa plötu annars staðar en á Íslandi.

Það varð til þess að við gátuð túrað, farið á Bretlandstúr sem var mjög dýr, gátum farið á túr um Ísland í nóvember, gátum fengið risastóra hljómsveit til að spila á plötunni. Það eru svona bein dæmi.

5.5 Hvað styrkþegar hefðu gert ef þeir hefðu ekki hlotið styrkinn

Styrkþegar voru spurðir hvað þeir hefðu gert ef þeir hefðu ekki hlotið styrkinn. Eins og fram kemur hér á undan sögðust einhverjir ekki geta framkvæmt verkefni sitt án styrksins frá Kraumi en þó voru fleiri sem sögðust hafa framkvæmt verkefnið hvort sem þeir hefðu fengið styrkinn eða ekki. Algeng svör voru til dæmis: „Platan hefði samt orðið til þó ég hefði ekki fengið styrkinn“ og „Við hefðum gert plötuna hvort sem við hefðum fengið styrkinn eða ekki, alveg pottþétt. Það er mikilvægt fyrir okkur, að gera plötuna vel, þá kostar það meira, það munar um 300 þúsund fyrir fjóra einstaklinga.“

Fleiri viðmælendur voru sammála þessu:

*Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands 2010.
Árangursmat á styrkveitingum Kraums tónlistarsjóðs og Hönnunarsjóðs Aururu.*

Ég meina ég er búinn að vera gera plötur í 7-8 ár án þess að fá einhvern pening fyrir það. Þannig að ég hefði nú örugglega alveg gert þetta þó ég hefði ekki fengið pening. En peningurinn, allt svona, er auðvitað mjög kærkomið þegar maður er að reyna lifa af sem tónlistarmaður á Íslandi, sem er náttúrulega alveg fjaránlegt. Þessi peningur fer bara upp í plötukostnaðinn. Eyddi honum í upptökurnar. Styrkurinn cover-aði samt ekki upptökurnar, fór bara upp í þann kostnað.

Við hefðum örugglega skrapað þessum krónum sjálfir einhvern veginn en þetta hjálpar verulega mikið, alveg tvímælaust. Fyrir band eins og okkur á þessum tíma þá er 500 þúsund krónur rosalega mikill peningur. Hins vegar hefur peningurinn aðeins snúist núna út af gengi bandsins. 500 þúsund var mikill peningur þá og gerði það að verkum að við gátum borgað þetta mix og masteringu úti án þess að hafa mikið fyrir því. Við lögðum engan pening í þetta sjálfir – bandið átti allan peninginn. Og platan þar á undan var hins vegar öll úr eigin vasa. En núna áttum við smá pening og fengum styrkinn og reyndar líka frá Tónlistarsjóði. Vissulega varð styrkurinn til þess að við gátum farið þessa leið. Ég er ekki að segja að þetta sé meik eða breik. Við hefðum náð þessum peningum saman.

Þegar viðmælendur lýsa hugsunum sínum um hvernig hefði farið ef þeir hefðu ekki fengið styrkinn er áberandi að margir segja að þeir myndu „skulda meira“. Einn viðmælandi lýsti þessu þannig: „Það hefði pottþétt breytt hlutunum. Við hefðum jafnvel þurft að taka meiri lán og eitthvað svona. Og værum jafnvel enn að greiða einhverjar skuldir.“ Annar sagðist vona að uppskeran ætti eftir að skila sér: „Ég hefði bara skuldað meira. Ég er ekkert í frábærri stöðu – fjárhagslega. En það lagast vonandi þegar platan kemur út. Uppsker erfiðið og áhættuna sem maður er búinn að taka.“

Annar viðmælandi tekur undir og lýsir því hversu ákveðinn hann var að láta verkefnið rætast:

Ég væri bara fátækari. Skuldsettari. Ég hugsa að ég hefði farið í allt þetta sama. Ég hefði bara komið verr út. Maður veit það ekki. Kannski hefði maður byrjað að hugsa að maður ætti ekki að eyða svona miklum peningum í þetta. En það var búið að vera draumur lengi að búa til svona stóra plötu.

Einn viðmælandinn nefndi að hann hefði líklegast farið til plötufyrirtækis síns og reynt að útvega fjármagn þaðan en í dag er algengt að tónlistarmenn fái fyrirfram greiddan pening [e. *advance*] til að taka upp plötu sem plötufyrirtækið endurheimtir svo af flutningstekjum laga listamannsins s.s. STEF-gjöldum og þess háttar eftir að platan er gefin út: „Ég hefði nú einhvern veginn reddað því. Sótt um annars staðar eða fengið pening hjá plötufyrirtækinu mínu... skuldað þeim pening í staðinn.“

Annar viðmælandi nefndi bankalán sem valmöguleika til að láta verkefnið rætast ef Kraumsstyrkurinn hefði ekki fengist, þó honum hafi ekki litist vel á þá hugmynd:

Við hefðum ekki getað gert þetta. Hinn möguleikinn hefði verið ef einhverjir einstaklingar í hópnum hefðu farið að taka bankalán og það er ekki sniðugt. Og getur í raun skapað mjög slæma stemmingu innan hópa.

Viðmælendur voru beðnir um að tilgreina hversu hár styrkurinn var í samanburði við heildarkostnað verkefnisins. Í ljós kom að flestir styrkir eru aðeins hluti af heildarkostnaði en þó voru fáeinir viðmælendur sem nefndu að styrkurinn hefði náð yfir kostnaðarhlutann eða náð yfir stærstan hluta kostnaðarins.

Þeir viðmælendur sem kváðu styrkina vera aðeins lítinn hluta af heildarkostnaði sögðu meðal annars: „Þetta var dropi í hafið. Við vorum að fá [...] í styrk á síðasta ári en veltan okkar er 25 milljónir. Eða já, innkoman okkar er 25 milljónir og útgjöldin örugglega meira en það. Síðasta ár er í mínus þannig lagað séð. Þannig að þetta er dropi í hafið.“

Annar viðmælandi sagði: „Þetta kostar rosalega mikið. Við erum að tala um að næstu 10 tónleikar kosta í framkvæmd um 1,6 milljónir. Bara næstu 10! Flug út og allt þetta. En fáum náttúrulega borgað fyrir tónleikana en við rétt náum að cover-a það sem við þurfum að cover-a.“

Einn viðmælandi telur upp kostnaðarliði fyrir rannsakanda og reynir um leið að geta sér til um hversu hátt hlutfall styrksins var af heildarkostnaði verkefnisins:

... þetta var allt gróft hjá mér. Hljómsveitin er á launum, þannig að það er fljótt að telja ... meðalkostnaður kannski 150-200 þúsund kall á dag bara fyrir bandið ... svo allt annað fyrir utan það; transport, bensín, matur, flug, gisting og alls konar svoleiðis. Þá var ég kominn með [...] tónleika bókaða... þá

var budgetið kannski í umsókninni 10-15 milljónir fyrir allan túrinn. Ég bara hreinlega veit það ekki. Þetta var alveg ágætis prósentu. Þetta var alveg raunsætt fyrir þennan tíma. Svo gígguðum við náttúrulega endalaust. Þannig að það hlóðst alltaf utan á raunverulegt budget. Svo skaffaði ég meirihlutann af peningunum sjálfur í budget-ið. Ég slumpa bara en ég ímynda mér að þetta hafi verið ca. 10-20%.

Sumir viðmælendur sögðu styrkina sína hafa náð yfir meirihluta kostnaðar við framkvæmd verkefnis eða náð yfir allan kostnað: „Við komum út á núlli sko. Held að það hafi munað þúsund kalli eða fjögur þúsund kalli. Alveg upp á krónu næstum því.“ Annar viðmælandi tók í svipaðan streng:

Styrkurinn dekkaði rosalega mikið, eiginlega bara allt. Við þurftum að leigja stóran bíl og svona. Og borga einhverja gistingu og upphald. Fengum reyndar styrk smá frá bílaleigu, þannig að þessi styrkur og aðrir styrkir og greiðar annars staðar, þannig að þetta dekkaði alveg túrinn.

5.6 Val á styrkhæfum verkefnum

Viðmælendur voru beðnir um að geta sér til um hvers vegna verkefni þeirra hlutu styrki umfram önnur verkefni. Algeng svör voru að þeir hefðu metnað, skýr markmið, væru með öðruvísi verkefni, búnir að njóta velgengni og sýna fram á framtíð væri í verkefni þeirra, þeir væru lengra komnir miðað við önnur verkefni, væru traustsins verðir og verkefni þeirra hefði getu til þess að verða „stærra“. Þá nefndu þeir að stjórn sjóðsins og framkvæmdastjórinn hefðu trú á verkefni þeirra.

Viðmælandi lýsir því hversu langt hljómsveitin hans var komin þegar hún fékk styrk frá Kraumi og taldi hann það hafa haft mikil áhrif á ákvörðun um að styrkja sveitina:

Á þessu tímabili var alveg búið að negla niður að við myndum spila á Hróarskeldu og risastórum festivölum út um alla Evrópu. Það var búið að negla það að við myndum fara í risastóra tónleikaferð erlendis og þetta lá allt fyrir. Þar að auki vorum við með mjög háleit markmið varðandi plötuna sem við vorum að gera í fyrra. Og ég held að við höfum bara

náð að sýna fram á að við værum traustsins verð – og ég held að það sé líka svolítið bara málið sko.

Annar viðmælandi getur sér til um hvers vegna Kraumur styrkti verkefnið hans umfram önnur verkefni:

Ég held að það sé ákveðin sérstaða í verkefninu. Ég held að það hafi verið ákveðinn samhljómur hjá mér og Kraumi að þetta ætti erindi upp á borð. Þetta hefur ekki verið gert áður – alveg gjörbreytt dýnamík. Ég held að þeir hafi líka bara haft trú á því að ég myndi geta skilað þessu af mér og að það næðist einhver árangur. Kannski erfitt að dæma, kannski hafa þau bara eitthvað álit á mér.

Viðmælandi sem hafði sótt tvisvar sinnum um styrk hjá Kraumi taldi sig hafa áttað sig á því hvers vegna hljómsveitin hans hlaut styrk í fyrra skiptið sem hún sótti um og ekki í seinna skiptið. Hann útskýrir muninn á því að þurfa á peningum að halda og hvað það væri gaman ef þeir hefðu peninga:

Við vissum alveg nákvæmlega hvað við vildum gera, það var enginn efi, það eina sem vantaði var fjármagn. Alveg skýr hugmynd. Í staðinn fyrir eitthvað „ef við fáum pening þá væri gaman að gera þetta“... en við vorum bara þannig að „við erum að fara gera þetta og okkur vantar bara pening“. Það var kannski munurinn frá því í fyrra og í ár [fengu ekki styrk seinna skiptið sem sótt var um]. Núna vorum við svolítið „ef við fengum svona mikinn pening þá væri gaman að gera x“.

Sumir álitu það mikilvægt að vera lengra komin til að hljóta styrk frá Kraumi:

Ég held að Kraumur reyni alltaf styrkja lengra komna. Ef fólk er búíð að sýna sig og sanna aðeins. Þá er ástæða til að styrkja. Ef við litum yfir styrkina í ár þá eru þetta engin „nobodys“ sem voru að fá styrkina. Allt fólk sem var búíð að sýna og sanna sig. Á þessum tíma vorum við búnir að gefa út eitt lag og lagið búíð að vera í 2 vikur á toppnum. Og svo aftur með [...] lagið. Þannig að verkefnið hefur potential og auðvelt að selja það.

Einn viðmælandi getur sér til um að hans verkefni hafi verið styrkt þar sem það gekk mjög vel en vantaði hjálp til að komast upp í „næstu tröppu“, eins og hann orðar það:

Platan mín gekk náttúrulega sjúklega vel þarna um jólin ... Ég hugsa að allavega að það hafi lúkkað þannig að ef það hjálpi einhverjum almennilega þá verður það að vera einhverjir í okkar stöðu sem hafa sannað sig og þurfa hjálp upp í næstu tröppu til þess að geta tekið einhverja áhættu. Það er svona mín tilfinning.

Þá voru nokkrir viðmælendur sem gátu sér til um að ástæðan fyrir því að verkefni þeirra hefði verið styrkt væri vegna þess að það gæti á endanum skilað fjármagni út í samfélagið:

Það er erfið spurning. Ef þeir eru að styrkja algera grasrót, alveg nýjar hljómsveitir, þá hefðu þeir ekki styrkt okkur. Ef þeir eru að styrkja hljómsveitir sem eru komnar með smá grunn og geta skilað einhverju til þjóðarbúskapsins. Á þessum tíma vorum við búnir að fara með [...] og erum örugglega líklegri en band sem er að spila í Hljómalind eins og við vorum að gera fyrir 2 árum, til að geta skilað einhverju.

5.7 Samskipti á milli styrkþega og sjóðsins

Viðmælendur voru beðnir um að leggja mat sit á samskiptin á milli þeirra og Kraums tónlistarsjóðs. Allir viðmælendur höfðu verið í sambandi við Eldar í gegnum síma, tölvupóst eða hitt hann augliti til auglitis og gáfu honum góða einkunn fyrir samskipti. Flestir sögðu hann vera skjótan að svara tölvupóstum, þægilegan í viðmóti, áhugasaman um verkefni þeirra og þar fram eftir götunum.

Aðspurðir um eftirlit með árangri og í hvað væri verið að verja styrkjunum sögðust viðmælendur almennt þykja eftirlitið vera þægilegt og óformlegt. Athugasemdirnar eru þó allt frá því að vera „besta eftirlit sem ég hef haft“ og „hann [Eldar] fylgdist vel með“ yfir í „við höfum ekki þurft að vera í miklum samskiptum við hann [Eldar]“.

Sá viðmælandi sem sagðist hafa fengið besta eftirlit með styrki frá Kraumi orðaði skoðun sína á samskiptunum þannig:

Hann var alveg með, myndi ég segja, besta eftirlit sem ég hef haft fyrir styrki. Ég hef aldrei fengið styrk og hérna... hann sendi svona reglulega email og spyr hvernig gengur og hvort allt gangi vel og svona. Það finnst mér mjög jákvætt sko. Ég hef aldrei upplifað það eftir styrki. Venjulega fær maður bara styrk og þarf ekki að gera neitt meira. Hann var virkilega að tékka hvort allt gengi vel og vill að allt gangi vel. Það finnst mér allt mjög jákvætt.

Á meðan voru aðrir sem sögðust ekki hafa verið í miklu sambandi við hann:

Ég var nú bara í sambandi við Eldar á meðan á þessu stóð, fyrir þetta umsóknarferli, svo bara ekkert mikið í sambandi við hann síðan. Þeir vilja heyra plötuna þegar hún er tilbúin. Þetta virtist vera frekar loose og þægilegt á því, ekki eins og Tónlistarsjóðurinn, þar sem maður þarf að skila inn einhverri skýrslu.

Það var svo sem ekkert sérstaklega formlegt, bara tölvupóst-samskipti við Eldar og létum hann vita af því sem við vorum að gera og hvenær við myndum framkvæma verkefnið. Það voru samt ekkert sérstaklega mikil samskipti en samt einhver. Mig minnir það.

Já, ég og söngvarinn í hljómsveitinni fórum og hittum Eldar. Við vorum búnir að henda upp hvernig við vildum gera hlutina og kostnaðaráætlun og svona. Einu samskiptin okkar eru við Eldar. Hittum hann þarna á kaffihúsi og síðan heyrum við ekkert í honum í einhverjar vikur eða mánuði. Síðan allt í einu fáum við email og þá var það komið.

Við sendum honum svo allar fréttatilkynningar og plaköt og svona. Hann vildi alveg fá að vera með. Fylgjast með. Fékk eintak af plötunni og fékk afrit af öllum plakötum og svona. Og fengum alltaf svar við því.

Í kjölfarið á umræðunni um samskipti spurðist rannsakandi fyrir um hvernig þeim litist á að skila greinargerðum að verkefnum loknum. Almenn ánægja virtist ríkja meðal styrkþeganna um að „fá að“ skila greinargerð til að sýna fram á hvernig og hversu vel þeir nýttu styrkinn:

Á flestum öðrum stöðum þarf maður að skila inn skýrslu og ég hefði verið til í það til að sýna að hversu ótrúlega góðum notum styrkur kom. En það var ekkert svoleiðis í gangi. Ég held að það sé ekkert óvitlaust að hafa meiri eftirfylgni svo fólk geti sýnt fram á árangurinn.

Nei, það er ekki fylgst beint með ... ekki þurft að skila greinargerðum. Sem er voðalega þægilegt en ég hefði örugglega gott af því að þurfa skila greinargerð. Þar sem t.d. kæmi fram að hluti af fjármagninu fór bara í að lifa af sjálfur. En ég þurfti líka bara að reikna mér laun. En samskiptin öll hin ánægjulegustu. Stundum þarf aðeins að ýta á eftir og sparka. Láta hluti gerast en það er bara svolítið lenskan. Íslendingar eru svolítið... ekki thinking ahead. Bara bara viku fyrir viku. Þeir eru meira reactive heldur en proactive.

Þegar talsvert var liðið á gagnsöfnun veitti rannsakandi því athygli að þegar rætt var um samskipti á milli styrkþega og Kraums var Eldar, framkvæmdastjóri sjóðsins, aðeins einn nefndur á nafn. Viðmælendur voru því spurðir hvort þeir hefðu einhver samskipti við stjórn sjóðsins eða fagráðið. Þá spurðist rannsakandi einnig fyrir hvort þeir þekktu til þeirra sem sætu í stjórninni og fagráðinu. Einn viðmælandinn svaraði: „Nei nei, ég veit ekki einu sinni hver er í því. [Viðmælanda sagt hverjir eru sitja í stjórn og fagráði]. Ég þekki svo sem allt þetta fólk og veit að þeir eru aðdáendur mínir. Kemur ekkert á óvart ef þau hafa samþykkt þetta.“

Aðrir viðmælendur svöruðu:

Eina sem mig minnir... er ekki Kjarri í Sigur Rós og Björk og eitthvað... Ég þekki það ekki. Ég hélt alltaf að þetta væri svona rós í hnappagatið. Gefa einhverjar línur. Aldrei neitt heyrt af neinu svona stöffi sem þau hafi lagt til. Getur vel verið að það sé einhver vinna þarna í gangi, hef bara ekki heyrt af því.

Ég held að Eldar leggi þetta svolítið upp, allavega eins og ég sé þetta, ég hef komið að þessu útaf [...]. Og náttúrulega styrkinn til mín. Eldar tekur við þessu og mótar þetta og leggur þetta undir þessa stjórn. Stjórnin virðist taka ákvarðanir. En ég held að Eldar geti líka að einhverju leyti mótað þessar áherslur sem stjórnin fer í. Manni sýnist, ef stjórnin er ekki sammála honum, þá geti hann umorðað hlutina þannig að þau fái áhuga á því.

Ekki í neinum samskiptum við það. Fagráðið? Er það ekki hinir ýmsu tónlistarmenn sem já.... hverjir eru það? ... Þetta er mjög fyndið. Ég er vinur þessa fólks en ég hef aldrei heyrt þau tala um að þau hafi verið að sinna þessu. Kannski er það heldur ekkert viðeigandi að vera segja frá því.

Bara verið í sambandi við Eldar. Hef ekki verið í sambandi við neinn í því varðandi styrkina okkar. En ég veit að Björk er í þessu...

Nei, ég veit annars ekki... En eins og ég upplifi þá er Eldar tengiliðurinn við mig en ég verð að gera ráð fyrir því að hann ráðfæri sig við fagráðið. Annars væru ekki þessar umsóknarfrestir... og þó... hann getur alveg sett þá til að fá umhugsnarfresti... en mér fyndist það skrítið.

Ekki hugmynd. Við fengum alltaf þau svör þegar við vorum að spyrja út í hvenær væri gengið frá umsóknum og hvenær væri farið yfir.. fengum alltaf þau svör frá Eldari að „þetta væri komið í ferli“ og vorum ekkert að ýta. Þetta hljómaði alveg frekar faglega.

5.8 Tillögur viðmælenda um breytingar á uppsetningu sjóðsins

Viðmælendur voru beðnir um álit sitt á sjóðnum og spurðir hvort þeir myndu breyta einhverju ef þeir væru við stjórnvölinn. Skoðanirnar sem litu dagsins ljós voru mismunandi og höfðu flestir viðmælendur eitthvað til málanna að leggja.

Þegar styrkupp hæðir voru ræddar kom í ljós að allir viðmælendur voru sammála um að veita færri og hærri styrki eins og sjóðurinn leggur upp með í markmiðum sínum. Einn viðmælandi lýsir skoðun sinni á fyrirkomulaginu en um leið veltir hann því fyrir sér hvort staðið hafi verið við upphafleg markmið:

Ég man að mér fannst svo töff að þeir ætluðu að styrkja fá verkefni en gera það riflega. Mér finnst það dálítið flott. En mér finnst eins og þeir séu farnir að styrkja fleiri verkefni, veit ekki hvort það sé rétt. Mér finnst það alveg flott upphæð, 500 þúsund. Það munar. 100 þús kall, það munar um það en virkilega ýtir þér á annað level að fá 500 þúsund til dæmis. En

4 milljónir, þá væri maður bara í einhverju kampavíni. Það væri hægt að gera margt svakalega frábært fyrir það.

Einn viðmælandi tekur undir þetta og bætir við að honum þyki ekki taka því að fá styrki upp á 100 þúsund krónur:

Ég held að það sé betra að veiti færri styrki sem eru hærrí, skynsamlegra meina ég. Og þá er ég ekki að tala um einhverjar milljónir. Sérstaklega ef bönd eða tónlistarmenn eru búnir að setja niður eitthvað plan. Þá getur þetta verið svona meik or breik hvort þeir geti hlutina eða ekki. Ég myndi frekar vilja fá nei við styrk og möguleikann á því að fá næst. Í stað þess að fá einhvern 100 þúsund króna styrk. Bara það að sækja um og svona, talsvert ferli og vinna sem fer í þetta. Þetta verður að gera eitthvað gagn.

Nokkrir viðmælandur veltu því fyrir sér hverju tónlistin gæti skilað efnahagi Íslands. Einn viðmælandi lýsti skoðun sinni þannig að ef styrkirnir væru stærri gæti það skilað fjármagni aftur út í samfélagið með skatttekjum:

Ef ég réði myndi ég frekar vilja að styrkirnir skili sér aftur út í samfélagið. Ég held að það virki betur í formi færri styrkja og hærrí. Í stað þess að styrkja 50 grasrótarbönd um 100 þúsund kall. Ef þú styrkir Hjaltalín til að fara í upptökur með Sinfó og það selst í 5000 eintökum... þá skilar það skatttekjum aftur og skapar meiri vinnu. Ég held ég myndi frekar fara í færri og stærri. Þó það sé leiðinlegt ef maður fær ekki styrk.

Nokkrir viðmælandur veittu því athygli að styrkirnir voru hærrí þegar sjóðurinn byrjaði að úthluta styrkjum:

Það var búið að gefa út að sjóðurinn styrkti færri meira. Mér fannst þeir ekki vera standa við það sem þeir sögðust ætla að gera. Mig minnir að upphaflega hafi Kraumur gefið sig út á þetta, styrkja fá verkefni vel. Maður reynir svona að lesa úr fyrri úthlutunum hvað maður á að sækja um. Hélt maður að þetta yrði á þessum fasa. Svo þróast þetta út í bara svona helling af litlum styrkjum.

Styrkur Mugisons frá fyrstu úthlutuninni bar nokkrum sinnum á góma í viðtölunum en það er hæsti styrkur sem Kraumur hefur veitt til eins verkefnis. Einn viðmælandi lýsti skoðun sinni á styrknum hans þannig:

Það var eitt sem mér fannst að í fyrra eða hitt í fyrra, þegar Mugison fékk fjórar milljónir fyrir tónleikaferðalagi. Og ég gat ekki hugsað en annað ef þú þarft 4 milljónir til að fara á tónleikaferðalag þá ertu ekki tilbúinn að fara á þetta tónleikaferðalag. Ef þú ert ekki að fá neitt borgað fyrir að spila, þá þarftu að vinna aðeins betur áður en þú ferð. Og maður á ekki að þurfa svona stóra styrki, mér finnst svona stórir styrkir ekki hvetjandi heldur frekar andstæðan, gerir fólk latt. Allt í einu er það bara með geðveikt budget og... allt bara geðveikt auðvelt. Það er ekki auðvelt að tíra og það á ekki að vera þannig.

Ég held að þeir [Kraumur] hafi áttað sig eftir þennan styrk. Þeir hafa aldrei gefið svona styrk aftur. Enda kom ekkert út úr þessum túr hjá honum. Þetta var svolítið mikið að kasta bara peningunum út í sjó.

Einn viðmælandi kemur með tillögu að því að hafa ekkert umsóknarferli:

Kannski væri edlilegra að það væri ekki umsóknaferli. Það er þannig sums staðar í listaheiminum. Það er til. Það er bara úthlutað til þeirra sem eiga það skilið. Fólk er valið sem er búið að sýna virkni og dugnað án þess að vita að því sé tryggð einhver afkoma. Það er dæmi um þetta í listheiminum. Þetta er til í myndlistarheiminum... úr svona einstaklingssjóðum. Vinir mínir hafa kannski fengið líka án þess að sækja um. Þá er það bara heiður. Mér finnst það líka alveg flott. En það er líka heiður að fá Kraumsstyrk.

Einn viðmælandi leggur fram tillögu um að auka samskiptin á milli umsækjenda og sjóðsins á meðan umsóknarferlinu stendur:

Það sem mér finnst mætti breytast við Kraum eru samskiptin við Kraum. Maður veit í raun ekkert. Maður sækir um og svo líður bara bilaður tími. Mætti kannski vera, kannski dálítið perralegt, en hafa svona „Nú erum við búin að fara yfir 200 umsóknir og ykkar umsókn er á meðal þeirra 50 sem er verið

að vinna úr. “ Svo maður viti, því fyrr sem maður veit sko hvort maður fái styrkinn eða ekki getur maður byrjað fyrr að skoða möguleikana sína. Hvað maður getur farið að gera. Í stað þess að hugsa „Já já, við fáum peninginn“ eða gera ekki neitt þar sem við erum ekkert að fara fá styrkinn. Fá að fylgjast með síuninni. Gott að fá að vita strax ef við erum úti. Vitum ekkert á milli þess sem við sækjum um og þar til við fáum. En núna fá allir svar á sama tíma. Í fyrra skiptið var Eldar að láta okkur vita, þannig var ferlið þegar þetta var svona óformlegt, þá lét Eldar vita: „Jú, heyrðu, mér líst vel á verkefnið, þetta er að fara aftur fyrir nefndina núna, ég vil að þetta komist í gegn“. Maður vissi ca. hvar maður stóð en það er náttúrulega ekki hægt ef 200 manns eru að sækja um. Ekki hægt að ætlast til að Eldar sé í símanum allan daginn.

5.9 Samanburður á Kraumi tónlistarsjóði og öðrum styrktarsjóðum

Viðmælendur voru almennt sammála um að starfsemi Kraums væri fremur óhefðbundin og óformleg í samanburði við aðra styrktarsjóði og var almenn ánægja með Kraum. Viðmælendur báru Kraum oftast við Tónlistarsjóð menntamálaráðuneytis. Algeng svör voru t.d. „Aðrir sjóðir eins og Tónlistarsjóður... þar er allt miklu nákvæmara,“ og „Miklu formlegra hjá Tónlistarsjóði.“

Einn viðmælandi lýsir því hversu þægilegt honum þyki umsóknarferlið í samanburði við umsóknarferlið hjá Tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins:

Það er nú eitt miðað við aðra sjóði.. mér finnst þetta mjög flott umsóknarferli. Já. Maður er varla að sækja um... maður er bara að viðra eitthvað. Mér sýnist það allavega. Mér hefur allavega fundist ef maður skoðar í kringum sig, aðra vini og kunningja sem eru að sækja um í alls konar sjóði... þá verður einhvern veginn meira bullshit í kringum það. Menn eru einhvern veginn að sækja um eitthvað og umsóknin verður eins og skólaverkefni... og niðurstaðan er ekkert aðalatriðið. Það sem kemur úr hugmyndinni. Eins og með Tónlistarsjóð þá er alltaf verið að sækja um á rosalega stóru plani alltaf, finnst mér. Menn að sækja um 2 milljónir og vita að þeir fá bara 400 þúsund kall. Og þetta ferli, ég hef einmitt meiri trú á því...

Nokkrir viðmælendur nefndu að þeim þótti Kraumur vera gera rétt með því að styrkja ríflega: „Það sem mér finnst vera kosturinn við Kraum til dæmis versus Tónlistarsjóð, að

það er verið að styrkja færri verkefni um hærri fjárhæðir. Ef ég myndi vilja breyta einhverju þá væri það að Tónlistarsjóður gerði það sama.“

Einn viðmælandi nefndi að hann treysti á að Kraumur veitti hærri styrki miðað við aðra sjóði þar sem Tónlistarsjóður veitir ekki háar fjárhæðir til tónleikaferðalaga: „En maður treystir að Kraumur sé með stærri styrki ... Það þurfa að vera sterkir styrkir fyrir tour support því að Tónlistarsjóður hefur ekki verið að styrkja túra um stórar fjárhæðir. Þannig að þetta er ágætis fyrirkomulag eins og er.“

Upphæðirnar sem Tónlistarsjóður úthlutar voru oft nefndar í viðtölum við viðmælendur. Almenn tilfinning virtist ríkja um að styrkirnir væru lágir og margir fengu úthlutað í hverri úthlutun. Einn viðmælandi segir frá því hvernig það kemur flatt upp á fjölmiðla erlendis að einkasjóður, eins og Kraumur, styrki þá fremur en stjórnvöld:

Tónlistarsjóður er bara vonarglæta. Þegar maður er að útskýra fyrir fólki þegar við förum í viðtöl og fáum spurninguna „Hvernig komuð þið ykkur frá Íslandi? Er það ekki rándýrt?“ og maður fer að útskýra að maður hafi fengið styrk úr í rauninni algerlega sjálfstæðum sjóði, einkasjóði, þá skilur það þetta ekki. Því það eru kerfi í flestum þessum löndum sem eru bara nógu góð. Sem höndla þetta. Og við bara bíum ekki við það. Og þess vegna alveg frábært að þetta sé til staðar.

Það voru fleiri sem nefndu lágan styrkupphæðir Tónlistarsjóðs. Viðmælandi útskýrir að hæstu styrkir Tónlistarsjóðsins sé um 500 þúsund krónur:

Þetta er langhæsti styrkurinn sem við höfum fengið, fengum einhvern 200 þúsund kall frá Tónlistarsjóði. Þeir eru þannig, að allir bara fá. Stærsti styrkurinn þar er bara 500 þúsund kall eða eitthvað. Enginn svona einn aðili var að fá [stóran styrk], ég man að mínum fékk hálf milljón en þeir komu með kostnaðaráætlun sem var á bilinu um 2 milljónir fyrir tónleikaferð sem var í eitt og hálf ár. Það er ekkert nema dropi í hafid. Það er ekki einu sinni nóg til að fljúga fólkinu út.

Þegar rætt var um Kraum í samanburði við aðra sjóði bar það nokkrum sinnum á góma að Kraumur ætti jafnvel að sleppa því að vera með umsóknarfresti – eins og fyrirkomulagið var áður en þeir tóku upp umsóknarfresti. Í kjölfarið fór umræðan venjulega út í að því fylgdi mikil vinna fyrir sjóð sem fær margar umsóknir. Einn viðmælandi bendir á hvernig

umsóknarferlið hjá Kvikmyndasjóði Íslands virkar og leggur til að Kraumur gæti nýtt sér það að einhverju leyti:

Eins og til dæmis hvernig Kvikmyndasjóður virkar. Þá er mér lofað svari innan 4-6 vikna – óháð því hvaða tími ársins er. Þannig að það er í raun ekkert formlegt deadline. Enginn formlegur úthlutunardagur. Ég skila bara umsókn í dag, það er bara í reglum sjóðsins, að Kvikmyndamiðstöð verður að vera búin að svara mér innan 4-6 vikna frá því að ég lagði umsóknina inn. Þetta er mjög gott kerfi. Eins og Loftbrú er með þetta einu sinni í mánuði, fyrir utan júlí þegar það er frí. En þetta er mjög fínt ef þú vilt hafa deadline í þessum bransa þá annaðhvort ertu með eitthvað svona kerfi, færð svar innan 4-6 vikna, eða bara einu sinni í mánuði. Ég held að Kraumur sé bara með þetta tvisvar á ári.

6 Niðurstöður um Hönnunarsjóð Auroru

Tekin voru 16 viðtöl við styrkþega Hönnunarsjóðsins. Tilgangurinn var að kanna hvernig viðmælendur nýttu styrkinn, hvernig umsóknarferlinu var háttað og hvernig samskiptum er háttað á milli styrkþega og framkvæmdastjóra sjóðsins.

Í eftirfarandi kafla er stiklað á helstu niðurstöðum viðtala sem tekin voru við styrkþega Hönnunarsjóðsins. Tekið skal fram að viðmælendum var lofað að fyllsta trúnaðar yrði gætt og því á ekki að vera hægt að rekja ummæli aftur til þeirra sem eiga þau.

6.1 Verkefni styrkþega og styrkuppþæðir

Verkefni sem hlutu styrki úr Hönnunarsjóðinum voru margvísleg. Svo stiklað sé á stóru voru verkefnin ýmist fata- og skólínur, ilmvatn, teppi, bækur, húsgögn og leikföng. Sumir styrkjanna voru starfsmenntastyrkir sem ætlaðir voru að gefa nýútskrifuðum hönnuðum tækifæri á því að vinna með hönnunarfyrirtækjum. Langflestir styrkirnir voru svokallaðir þróunarstyrkir, þ.e. styrkir til að hönnuðir gætu þróað vöru eða vörulínu sína og markaðssett hana. Þá voru nokkrir sem hlutu styrk til að fara erlendis á sölusýningar til að kynna vöru sína og komast í samband við mögulega kaupendur.

Styrkuppþæðirnar sem veittar höfðu verið í þremur úthlutunum (maí og október 2009 og febrúar 2010) áður en árangursmatið hófst voru á bilinu 500 þúsund krónur upp í 2,5 milljónir króna. Flestir styrkirnir voru um eða yfir 1 milljón króna.

6.2 Úrvinnsla styrksins

Allir viðmælendur kváðust vera byrjaðir eða búnir að nýta styrkinn í verkefni sín að undanskildum einum viðmælenda en utanaðkomandi ástæður liggja að baki þess að ekki er byrjað að nýta styrkinn.

Þegar viðmælendur voru spurðir í hvað styrkurinn átti nákvæmlega að fara voru mörg svör á þá leið að styrkinn ætti að nýtast í markaðssetningu, vöruþróun, gerð viðskiptaáætlana, myndatökur, ferðakostnað, framleiðslu frumgerða og þar fram eftir götunum. Algengast var þó að styrkþegar álitu styrkinn sem laun þeirra á meðan unnið er

að verkefninu eða vöruþróunarferlinu. Tíð svör voru til dæmis: „Þetta var bara launakostnaður,“ „laun fyrir þá sem voru í verkefninu,“ og „þetta eru bara laun.“

6.3 Umsóknarferlið

Viðmælendur voru spurðir hvernig þeim hefði dottið hug að sækja um styrk hjá Hönnunarsjóðinum. Þeir svöruðu aðallega á fjóra vegu; (1) þeir höfðu séð sjóðinn auglýstan, (2) þeir höfðu heyrt af sjóðinum frá vinum eða kunningjum, (3) sáu umfjallanir á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvarinnar og (4) heyrt það frá fólki í bransanum.

Viðmælendur voru almennt sammála því að umsóknarferli Hönnunarsjóðsins væri þægilegt, opið og einfalt í samanburði við umsóknarferli annarra styrktarsjóða. Sögðu þeir að aðrir styrktarsjóðir væru ekki með umsóknarferli sem hentaði hönnuðum en þar sem Hönnunarsjóðurinn er ekki með neitt ákveðið umsóknareyðublað gætu hönnuðirnir nánast „hannað“ sína eigin umsókn út frá sínu höfði og aðlagð hana að verkefninu sem sótt er um.

Þeir sem höfðu staðið að umsóknum fyrir verkefni sín voru ekki á sama máli um hvort auðvelt hefði verið að sækja um eða erfitt. Þeir voru þó sammála, eins og fyrr segir, um að ferlið væri einfaldara en hjá öðrum sjóðum. Einn viðmælandi lýsti skoðun sinni þannig:

Mun aðgengilegra og þægilegra [að sækja um hjá Hönnunarsjóðinum]. Einfaldara. Þægilegra fyrir hönnuði að sækja um. Sótti um hjá Tækniþróunarsjóði og þá var ég með fjórar manneskjur sem unnu í tvær vikur að umsókninni. Lögðu samtals 2ja mánaða vinnu í umsóknina.

Sumum fannst ferlið vera tímafrekt: „Tók alveg svolítinn tíma. Lagði svolítið mikið í þetta. Þetta er ekki bara að prenta út og setja í umslag. En það getur bæði verið gott og slæmt. Mér fannst það mjög fint.“ Á meðan þótti öðrum ferlið taka stuttan tíma: „Tók ekki langan tíma. Skrítið að vera fylla út svona umsókn í fyrsta skipti. Er maður ekki alveg viss, ég sagði bara hvað ég þyrfti að vera með í laun og aðkeypt efni. Tók kannski 2-3 daga.“

Þá var hluti viðmælanda sem nefndi að hægt væri að nýta gamlar umsóknir og nýttu margir sér það. Svörin voru því nokkuð oft á þá leið: „Við vorum svo heppin að við

áttum lýsingar á verkefningu síðan við sendum inn í Rannís,“ eða „ ... maður hefur verið að sækja um annars staðar þannig að það nýttist.“

Án þess að vera spurðir að því að fyrra bragði vildu viðmælendur oft og tíðum benda á ástæðuna fyrir því að hafa sótt um styrk úr sjóðnum. Einn viðmælandi lýsti ástæðu sinni þannig:

Ég hafði á tilfinningunni að þetta væri eitthvað sem ég gæti sótt í. Líka út af umsóknarferlinu... ég verð að geta hitt einhvern, ég verð að geta selt hugmyndina. Umsóknir hjá t.d. Impru eru svo ótrúlega stuttar og hnitmiðaðar en þarna sendi ég bara inn stóran pakka. Umsóknin var bara hönnuð.

Þá komu nokkrir viðmælendur inn á að það lægi beint við að hönnuðir sæki um styrki í Hönnunarsjóðinn. „Þetta var styrkur sem lá beint við að sækja um þar sem ég er hönnuður. Þetta snýr beint að hönnun og þetta er eini þannig sjóðurinn.“ Annar viðmælandi var á sama máli og lýsti yfir ánægju sinni með tilvist sjóðarins um leið:

[Þetta] lá bara beint við. Gallinn á Íslandi er að það eru engir styrkir í vöruþróun. Þetta strandar alltaf á að þetta er ekki nýsköpun, eins og hjá Impru. Fyrir þeim snýst hönnun um nýsköpun eða uppfinningu og þeir segja „það er búið að gera pott, þeir voru gerðir á víkingaöld“. Vöruþróun er meira en uppfinning. Frábært að vera með sjóð þar sem fagrúð sem skilur út á hvað fagið gengur. Oft í þessum ráðum er fólk sem hefur enga þekkingu á vöruþróun eða neinu. Hjá Auroru finnur maður að það er fagleg sýn sem vantar stórlega annars staðar.

Viðmælendur höfðu almennt ekki lent í neinum vandræðum í umsóknarferlinu. Allir voru þeir sammála um að tíminn sem leið frá því að þeir sóttu um þar til þeir fengu úthlutað væri hæfilegur. Í sumum tilfellum liðu aðeins nokkrar vikur og í öðrum tilfellum fáeinir mánuðir. Einn viðmælandi lýsti umsóknarferlinu þannig:

Umsóknarferlið var mjög svona straight forward. Það er ekkert sem gerir þetta flókið. Og það er málið, að hafa þetta eins einfalt og hægt er. Svo fleiri geti sótt um. Það er örugglega markmiðið hjá sjóðnum.

Ég þurfti að leita mér aðstoðar út um allt bara við að gera viðskiptaáætlun og viðskiptahugmyndina. Það þurfti að

setja það upp eftir ákveðnu formi. Panellinn er svo stór sem er að meta umsóknina, þannig að það er mjög mikilvægt að gera viðskiptaáætlun.

Sumir viðmælendur komu inn á hversu þægilegt væri að eiga í samskiptum við Hlín, framkvæmdastjóra sjóðsins, í umsóknarferlinu. Einn viðmælandi sagði: „Hlín er náttúrulega svona peoples person og hefur rosalega mikinn áhuga á þessu sviði. Gætir alveg rekist á hana á einhverri opnun. Það skiptir rosalega máli að geta talað við einhvern [í umsóknarferlinu].“ Annar lýsir því enn fremur hversu þægilegt það var að geta verið í sambandi við Hlín í umsóknarferlinu: „Hún bauðst til að fara yfir ef eitthvað vantaði upp á. Það var eitthvað mjög smávægilegt, athugasemdirnar sem við fengum [frá Hlín].“

Einum viðmælanda þótti umsóknarferlið ekki nægilega skýrt. Sá viðmælandi sótti fyrst um styrk en fékk neitun og nýtti sér þá fyrri reynslu til að sækja um aftur. Hann skýrir frá þessu þannig:

Reyndar fannst mér skýringarnar ekki nógu skýrar. Ég skildi ekki alveg hvað þeir vildu fá að vita. Á þeirri reynslu gat ég áttað mig betur á því hvað það var sem þau voru að leitast eftir að styrkja. Og gat þá gert umsóknina hnitmiðaðri og miðað hana út frá því seinna meir. Það tel ég líka vera ástæðuna fyrir því að ég fékk styrkinn í seinna skiptið.

6.4 Afrakstur þess að hljóta styrkinn

Viðmælendur voru inntir eftir því hver væri helsti afraksturinn af því að hafa hlotið styrkinn frá Hönnunarsjóðinum. Viðmælendur gátu almennt bent á nokkra þætti sem afrakstur. Algengustu svör voru þau að styrkurinn gerði þeim kleift að ráðast í verkefni sín, styrkurinn var ákveðin viðurkenning á verkefni þeirra og styrknum fylgdi jákvæð umfjöllun og kynning í kjölfar úthlutunarinnar.

„[Þetta er] ákveðin viðurkenning á verkefninu sjálfu. Þetta hjálpar ef þig vantar fjárfesta og brúar þetta fyrsta bil. Styrkirnir nægja þó ekki til að taka svona alvöru skref en þeir hjálpa þér áleiðis,“ sagði einn viðmælandinn. Annar viðmælandi segir frá því hvernig styrkurinn gerði honum kleift að starfa sem hönnuður og lýsir hvernig líkja megi hönnuðum við pókerspilara:

Hann leyfir manni að vinna í þessu umhverfi að vera hönnuður. Þetta leyfir manni ýmislegt. Það er ekkert mikið fjármagn í boði. Hönnuðir á Íslandi finnst mér að þurfi alltaf að leggja allt undir. Skiptir engu máli hvort það hafi gengið vel áður – þetta er eins og pókerspilarar sko, verður hálfgerð flkn að koma með eitthvað nýtt og taka ákveðna áhættu.

Þá lýsir viðmælandi því hvernig styrkurinn varð til þess að hugmynd varð að veruleika:

Ég myndi segja að hann ýtir manni af stað. Þó styrkurinn dekki ekki allt sem maður ætli að gera. Hann varð til þess að ég lét þróa vöruna og smíða hana - eitthvað sem ég hefði ekki getað tekið úr rassvasanum. Verkefnið byrjar að rúlla – hann [styrkurinn] ýtir því í gang. ... svo [er annar afrakstur] bara athygli, umfjöllun og annað.

Einn viðmælandi tók svo djúpt í árinna að hann sagði styrkinn hafa skipt sköpum í sínu tilfelli. Hann kemur einnig inn á hvernig verkefninu hefur gengið eftir að styrkurinn var nýttur til að fara á sölusýningu erlendis:

Það að fá þennan styrk til að fara á þessar sýningar er bara nauðsynlegasti partur af ferlinu. Sá partur að fara á almennilega sýningu og ná að selja vöruna. Það gerist ekki á einu „season-i“ og þá er maður kominn á koppinn. Það hefur verið nauðsynlegt fyrir okkur að fá þennan styrk og vitað af þessu baki upp við okkur. Þetta er nógu mikill kostnaður fyrir.

[Verkefninu er] búið að ganga gífurlega vel. Tekur tíma til að byrja skila miklu en við höfum náð ótrúlega góðri sölu. Og það stigvaxandi sölu.

Umfjöllun um hönnun á Íslandi þykir lítil samkvæmt ummælum nokkurra viðmælenda. Einn viðmælandi fjallar um hvernig styrkurinn leiddi af sér jákvæða umfjöllun um verkefnið sitt og um leið lýsir hann skoðun sinni á umfjöllun um hönnun á Íslandi nú til dags:

[Afraksturinn af styrknum er] viðurkenning og þínulítið exposure, myndi ég segja. Eins og á Íslandi er ekkert exposure í boði, það er engin umfjöllun, engin tímarit, fyrir hönnuði eða fatahönnuði á Íslandi. Það er engin pressa á Íslandi sem getur hjálpað þér – og sú umfjöllun sem á sér stað er oft bara til

minnkunar og verkefnið oft bara dregið niður. Það að fá svona verðlaun – það var fullkomið exposure hérna heima. Þetta er crucial atriði. Þetta er náttúrulega mjög sýnilegur styrkur. Ákveðið exposure sem er mjög jákvætt.

Bilið á milli þess að fá styrk og að fá engan styrk þykir stórt samkvæmt einum viðmælanda. Hann lýsir afrakstrinum þannig: „Afraksturinn var sá að ég gat sett saman hóp af fólki til að gera það sem til þurfti. Ég er vanur því að vinna með lítið fjármagn og það er stórt bilið á milli þess að vera með lítið fjármagn og ekkert fjármagn í minni framleiðslu.“

Aðeins einn viðmælandi sótti um styrk fyrir verkefni sem ekki er enn hafið. Ástæða þess var ekki peningaleg heldur vegna fjárhagsörðugleika erlendis sem gerir styrkþeganum ekki kleift að taka þátt í verkefninu. Styrkþeginn útskýrir þetta fyrir rannsakanda þannig:

Ástæðan fyrir því að verkefnið er ekki farið af stað er ekki útaf peningunum ... það bara út af því það er kreppa úti sem veldur því. Einn sponsor-inn þeirra datt út sem er stór styrktaraðili og það er verið að leita að öðrum í stað hans. Það er eina ástæðan. Annars var búið að undirbúa þetta í mörg ár. Og ég er bara í biðstöðu út af því. Ég fékk bara styrkinn út af þessu þannig að það eru engar forsendur að þiggja styrkinn nema þá þegar þetta fer af stað.

Svör viðmælenda um afrakstur af því að hljóta styrkinn voru flest á þennan veg. Sumir fjölluðu einnig um að hægt væri að vinna verkefnið á meiri hraða.

6.5 Hvað styrkþegar hefðu gert ef þeir hefðu ekki hlotið styrkinn

Rannsakandi spurði viðmælendur hvað þeir hefðu gert ef þeir hefðu ekki hlotið styrk frá Hönnunarsjóðinum. Flestir viðmælendur voru sammála um að þeir hefðu haldið áfram með verkefnið, hvort sem þeir hefðu fengið styrkinn eða ekki. Þó voru sumir sem töldu að þeir hefðu ekki farið af stað í verkefnið án þess að hljóta styrkinn. „... ég hefði örugglega ekki gert þetta. Eða já, ég hefði þurft að hugsa mig vel um. Þetta var eiginlega bara confirmation. Ég hugsaði líka ef ég fæ þetta - þá geri ég þetta,“ útskýrði einn viðmælandinn.

Algeng svör hjá viðmælendum voru að enginn annar sjóður styrkti hönnuði:

*Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands 2010.
Árangursmat á styrkveitingum Kraums tónlistarsjóðs og Hönnunarsjóðs Auroru.*

Nei... við hefðum ekki getað það. Ég efast um það. Það er ekkert um styrki fyrir hönnuði sem eru að fara með vöru á sýningu. Þetta er sjóðurinn sem hægt er að sækja í. Rosalegur stuðningur.

Öðrum viðmælanda þótti mikilvægt að sýna fram á að alvaran sem fylgir verkefnum sem sótt er um sé það mikil að haldið verður áfram með verkefnin hvort sem þau séu styrkt eður ei:

Ég var farinn af stað í verkefnið. Ég held að það skipti öllu máli ef þú ætlar að fá styrk að sýna fram á það að hvort sem þú fái styrk eða ekki þá ætlir þú að halda áfram með þitt verkefni. Það eru örugglega margir sem sækja um styrk og fara svo ekki út í verkefnið ef þeir fá ekki styrkinn. Ég held að það skipti sjóðinn máli að vita að það verði framhald á verkefninu.

Viðmælendur voru flestir á því máli að þeir hefðu framkvæmt verkefnið þó þeir hefðu ekki hlotið styrkinn frá Hönnunarsjóðinum. Einn viðmælandi orðaði það þannig: „Við erum svolítið þrjósk, við hefðum alveg farið af stað en það hefði gengið hægar. Styrkurinn gerir að verkum að maður getur lagt önnur verkefni til hliðar og einbeitt sér að verkefninu sem maður fær styrk fyrir.“ Algengt var að svör væru á þennan máta: „Ég hefði kannski bara unnið þetta öðruvísi. Þetta gaf mér tækifæri á því að gera þetta almennilega.“ Annar viðmælandi lýsir þessu þannig:

Það hefðu verið miklar tafir. Verkefnið hefði gengið hægar í heild sinni. En þetta er líka spurning um hversu langt farið er með verkefnið og hversu stórt það verður. Því sem styrkurinn er stærri því stærra verður verkefnið. Verkefnið hefði bara verið minna í sniðum. Það skreppur allt saman ef maður fær ekki styrk.

Einn styrkþeginn tekur undir að verkefnið hefði gengið hægar en segir einnig frá því að styrkurinn sé mikilvægur þáttur fyrir þá sem vinna með honum að verkefninu:

Ég hefði í rauninni bara haldið áfram. Ég hef aðeins meira möguleika á að stækka og bæta við mig. Ég hefði farið í raun

bara hæggar. Fyrir mig eru peningar ekki mikið issue, kemur aldrei neitt inn hvort sem er í ferlinu. En fyrir þá sem eru með mér, að gera áætlanirnar og svona... það væri örugglega ekkert í þessu ef það hefði ekkert support fengist.

Nokkrir viðmælendur töldu að þeir hefðu sótt um hjá öðrum sjóðum ef Hönnunarsjóðurinn hefði ekki úthlutað þeim styrki:

... ef ég hefði ekki fengið þennan [styrk] þá hefði ég kannski sótt um annars staðar. Eða bara klárað eitthvað annað verkefni. Það er margt sem bíður á meðan. Það fer öll mín orka og athygli í þetta. Svo ákvað ég bara að allur tíminn fer í þetta fyrst ég fékk styrkinn.

Viðmælendur voru beðnir um að tilgreina hversu hár styrkurinn var í samanburði við heildarkostnað verkefnisins. Í ljós kom að styrkir eru aðeins lítill hluti af heildarkostnaði enda eru styrkir margir hverjir ætlaðir í vöruþróun en ekki sem styrkur upp í framleiðslukostnað. Einn viðmælandi lýsti sínum aðstæðum þannig: „Þetta var náttúrulega bara dropi í hafið, en ég held að heildarkostnaður frá byrjun sé um 10 milljónir.“ Annar sagði: „Allt í kringum þetta eru kannski þrjár milljónir. Þessi styrkur er bara fyrir forvinnuna en ekki framleiðsluna. Ég áætlaði að eyða einni og hálfri milljón í bara þjúra framleiðslukostnað.“ Hér eru starfsmenntastyrkir undanskildir en þeim er ætlað að ná yfir launakostnað starfsnema yfir fyrirfram ákveðið tímabil.

6.6 Val á styrkhæfum verkefnum

Viðmælendur voru spurðir hvers vegna þeir töldu að sjóðurinn hafði styrkt verkefnið þeirra umfram önnur verkefni sem sótt var um styrki fyrir. Þegar litið er yfir svör viðmælenda eru algengustu skoðanir þeirra að þeir telja að verkefnið sitt sé mjög frambærilegt og líklegt til að ná frekari árangri. Þá töldu flestir viðmælendur mikilvægt að sá sem sækir um geti sýnt fram á fyrri árangur. Einnig voru algeng svör þau að þeir töldu verkefnið sitt ekki vera á hugmyndastigi heldur væri það komið langt á veg og mun fara lengra með smá fjárhagsaðstoð. Önnur atriði sem fleiri en einn viðmælandi nefndi voru til dæmis reynsla og árafjöldi í greininni þeirra sem sækja um og að umsóknin hafi verið mjög vel unnin.

Algennt var að viðmælendur væru kokhraustir og þótti eðlilegt að þeir hefðu hlotið styrk: „Ég tel að það sem við séum að gera sé mjög frambærilegt. Það kom ekki á óvart að við fengum styrkinn. Okkur fannst hann verðskuldaður.“

Einn ákveðinn styrkþegi lýsti skoðun sinni þannig og kemur inn á nokkur atriði sem hann telur vænleg til vinnings þegar kemur að því að hljóta styrk:

Útaf því að þetta er eitthvað annað. Eitthvað nýtt. Mér fannst það líka vera sjóðinum til hróss að þeir eru ekki að velta sér mikið upp úr þessum mörkum, hönnunar eða listamarka. Það er mjög fínt hjá þeim að huga ekki of mikið um það. Ég held líka að þau hafi séð að þetta væri eitthvað sem myndi gerast. Því forsagan er líka löng, sýningar, fjölmiðlaumfjallanir og svo framvegis. Þetta er ekki bara mig langar að gera [...]. Þetta „er eitthvað“ sem er búið að vera byggja upp í einhvern tíma. Sjóðurinn sér að það kæmi eitthvað result.

Sumir töldu verkefnin sín vera af slíkum gæðum að sjóðurinn gæti hreykt sér af því að styrkja það. Einn styrkþeginn lýstir skoðun sinni á hvers vegna verkefnið hans var valið fram yfir önnur og skýrir frá þessu:

Ætli það sé ekki bara út af því að við vorum svolítið ákveðin. Vorum langt komin með þetta. Vorum búin að plana. Búin að fara út og sýna. Komin með söluaðila. Leit alveg vel út. Þó að þetta væri nýtt verkefni – að þetta væri að fara verða eitthvað. Afrakstur sem þau geta síðan sýnt fram á – gott að geta valið einhvern sem þau geta sagt svo „við styrktum þetta“. Sáú að eitthvað yrði úr þessu virkilega.

Þá komu nokkrir viðmælendur inn á að ef verkefnið hefur vakið athygli erlendis þá myndi það hjálpa þeim sem taka ákvarðanirnar um að styrkja:

Ég held að þessi athygli sem ég er að fá erlendis sé að hjálpa mjög mikið. Að það sé ákveðinn stimpill. Ég held líka að menn sjái að þetta er komið á það stig að það er svo stutt í að þetta sé söluvara. Ég held að það hafi líka hjálpað. Þeim þykir ekkert verra að sjá árangurinn í einhverri markaðstengingu – án þess að vita það nákvæmlega. Ég ímynda mér að mörg verkefni séu á hugmyndastigi allavega en það getur verið svo breytilegt held ég.

6.7 Samskipti á milli styrkþega og sjóðsins

Viðmælendur voru spurðir hvernig samskiptum hafi verið háttað á milli þeirra og sjóðsins og þeir beðnir um að leggja mat sit á samskiptin. Helstu niðurstöður um samskiptin voru þær að viðmælendum þótti samskiptin almennt mjög þægileg og að þeir hafi yfirleitt verið í miklu tengslum við Hlín, framkvæmdastjóra sjóðsins. Viðmælendur voru iðnir við að hæla henni og lýsingarorðið „yndi“ bar eitt sinn á góma og átti viðmælandinn við Hlín.

Fyrir vikið er sjóðnum lýst sem mun persónulegri sjóði miðað við aðra sjóði sem viðmælendur höfðu sótt um í. Nefndu nokkrir viðmælendur að þeir höfðu ekki þekkt Hlín áður en þeir sóttu um í sjóðinn en halda nú reglulega sambandi við hana. Einn viðmælandi lýsti sambandi sínu við sjóðinn þannig:

Ég hef haldið sambandi við Hlín. Leyft henni að fylgjast með framvindu verkefnisins. Ég kem ekki þannig fram við fólk að ég hegði mér þannig „Takk fyrir milljónina – við heyrumst“. Ég sýni þeim virðingu með því að láta vita hvernig verkefninu miðar. Mér líkar að halda sambandi. En samskiptin eru samt frekar opin. Það hefur enginn legið á bakinu á mér allavega.

6.8 Tillögur viðmælenda um breytingar á uppsetningu sjóðsins

Viðmælendur voru beðnir um að leggja mat sitt á starfsemi sjóðsins og um leið spurðir hvort þeim þætti eitthvað mega betur fara. Viðmælendur byrjuðu iðulega á því að segjast vera mjög þakklátir fyrir þann styrk sem þeir höfðu fengið og að þeir höfðu ekki mikið þælt í uppsetningu og starfsemi sjóðsins. Einn viðmælandi kvaðst ekkert hafa kynnt sér starfsemi sjóðsins og sló á léttu strengi: „Nei, ég hef ekkert kynnt mér uppsetninguna. Ég vona að þau séu bara ... ráði við það að meta það. Ég hef allavega enga skoðun á því eins og er. Ekki fyrst ég fékk styrk, en ef ég fæ ekki aftur styrk skal ég tala við þig um það.“ Í flestum tilvikum komu þó tillögur í framhaldinu af spurningunum.

Nær allir viðmælendur voru sammála um að sjóðurinn ætti að halda áfram að styrkja fá verkefni með ríflegum fjárhæðum. Rökin sem viðmælendur nefndu voru yfirleitt þau að hægt væri að vinna verkefnin hraðar og því hærri sem styrkurinn er því markvissari væri hann. Einn styrkþeginn sagði: „Ef það á að fara dreifa styrkjunum er ekki víst að þetta verði nógu markvisst. Þá verður ekki neitt úr neinu.“ Annar viðmælandi lýsti skoðun sinni þannig:

Mér finnst mjög mikilvægt að það sé styrkt svona almennilega. Hefðum við fengið í byrjum 2,5 milljónir þá hefði það verið miklu betra. Allt gengið hraðar. Mér finnst bara mjög gott að sjóðurinn veðji á bara einhver ákveðin verkefni, en mér finnst líka mikilvægt að sjóðurinn taki þátt í alls konar svona hönnunarviðburðum og project-um og gefi lægri styrki.

Finna má fjölmörg ummæli viðmælenda af þessu tagi þegar litið er yfir gögnin:

Ég myndi hafa færri og hærri. Ég held að það hafi miklu meiri alvöru áhrif á verkefni. Mér finnst fínt hvernig þeir útteila styrkjunum. En já, hærri styrki. 100%. Því þá gerist eitthvað alvöru. 500 þúsund og milljón... ég held að það sé sterkara að styrkja færri verkefni og styrkja þau aðeins meira.

Ég myndi alls ekki fara út í það að hafa lægri fjárhæðir fyrir fleiri. Þá er þetta ekki nóg. Heldur verður bara einhvers konar viðurkenning á því sem þú hefur gert. Hann gerir ekkert þannig lagað ef hann væri mikið minni. ... annars finnst mér uppsetningin mjög flott.

Einu viðmælandi tók djúpt í árinna og sagðist vilja sjá styrki sem næmu allt að 10 milljónum króna:

Ég myndi vilja sjá að sjóðurinn þróist. Þarf að veita meira úr sjóðnum til ákveðinna verkefna og styrkja á ennþá myndarlegri hátt svo það komi eitthvað út úr þessu sem skiptir máli og svo hægt sé að gera það á þeim hraða sem þarf að gerast.

Meiri pening í færri verkefni ... Það er svona mín tilfinning annars eru þetta bara smástyrkir til lítilla verkefna ... það er verið að tala um hönnun sem mikla framtíðarsýn en hér er fólk að berjast í þessu vegna þess að það er ekkert fjármagn. Mér finnst að þetta eiga að vera 10 milljóna króna styrkir svo það sé virkilega hægt að sjá árangur í verkefnum.

Einum viðmælanda þótti Hönnunarsjóðurinn hafa farið of geyst af stað og sagði sjóðinn getað ígrundað val sitt betur. „Þau eru búin að fara hratt af stað – gefa margar styrkveitingar. Mættu kannski alveg hægja á sér og skoða verkefnin betur. Þetta er Ísland.

Það eru ekki það margir hönnuðir. Velja verkefnið betur – þó þau séu búin að gera það rosalega vel.“

Einn viðmælandi kom með tillögu um að Hönnunarsjóðurinn stofni einskona- utanlandsdeild en honum þótti vanta ráðgjöf hér á landi um hvert ætti að snúa sér þegar kemur að útflutningi á vörum. Sjálfur kvaðst hann hafa „legið“ yfir netinu og fundið út úr flestu sjálfur en kom svo með þessa tillögu svo það myndi auðvelda hönnuðum að koma vörum sínum á framfæri utan landsteinanna: „Mér finnst vanta svona utanlandsdeild. Eitthvað sem sendir mann út á svona sölusýningar. Það vantar tengingu út. Það væri gott ef það væri tengiliður sem getur aðstoðað mann við það.“

Umfjöllun hönnun á Íslandi er á mjög lágu plani samkvæmt ummælum eins viðmælandans. Hann kemur með tillögu að því að Hönnunarsjóðurinn styrki þann hluta geirans með því að koma að blaða- eða bókaútgáfu:

[Það væri] mjög sniðugt ef sjóðurinn myndi styrkja útgáfu, umræðu í fjölmiðlum, sýningarhald og annað. Styrkja þá hlið líka. Það er eitt að vera alltaf að styrkja vörubrúun og hönnun en umfjöllun er bara hér á landi á svo lágu plani. Það þarf að styrkja grunninn líka. Til dæmis þegar verið er að fjalla um íþróttir þá spyr blaðamaðurinn ekki: „Hvað eiga margir leikmenn að vera inn á? Í hvaða mark á skora?“ Hann þekkir sitt fag en í hönnun þá veit blaðamaðurinn ekkert. Það er svo sorglegt. Það gerir margt slæmt fyrir þetta fag. Við reynum að vera professional en svo er öll umfjöllun svo ó-professional. Mér finnst að sjóðurinn eigi að styrkja það. Bara að það væri gefið út bækur eða blöð, koma svolítið inn með þessa hlið.

Einn viðmælandi kom með tillögu að því að fleiri aðilar standi að styrkveitingum til hönnuða, eins og til dæmis íslensk stjórnvöld:

Það væri frábært að fá fleiri aðila inn í þetta. Eins og fá stjórnvöld til að taka þátt í þessu þannig að Hönnunarsjóðurinn myndi vaxa sem sjóður. Ef til dæmis, það fjármagn sem sjóðurinn leggur til kæmu stjórnvöld með sömu upphæð. Annaðhvort stjórnvöld eða einhver tvö-þrjú fyrirtæki. Flott ef þetta væri opinber og einkarekinn sjóður. Það myndi staðfesta að það væri ekki áhættusamt að fjárfesta í hönnunarverkefnum. Hvers vegna ættu stjórnvöld ekki að styðja hönnunariðnað frekar en hjón sem eiga pening. Ég held að það væri frábært að gera eitthvað svona.

Aðspurðir hvort viðmælendur vildu sjá umsóknarferlið öðruvísi sögðust nær allir vera sáttir við ferlið eins og það er í dag. Fjölmarginir viðmælendur nefndu hversu þægilegt væri að hafa umsóknarferlið opið í stað þess að hafa formlegt eyðublað sem fylla þyrfti út. Hins vegar var einn viðmælandi sem var ekki nægilega sáttur við umsóknarferlið og sagði fyrirælin ekki vera nægilega skýr: „Já, ég myndi vilja fá skýrari fyriræmi um hvað þeir ætlast til. Þeir vilja bara fá grófa fjárhagsáætlun, sögðu þeir í byrjun, síðan þegar ég sótti um þá vildu þeir bara nákvæma fjárhagsáætlun og kölluðu eftir nánari upplýsingum um fjárhagsáætlun.“

6.9 Samanburður á Hönnunarsjóði Auroru og öðrum styrktarsjóðum

Viðmælendur voru beðnir um að bera saman Hönnunarsjóð Auroru við aðra styrktarsjóði ef þeir höfðu sótt um styrki úr öðrum sjóðum. Aðeins þrír viðmælendur höfðu ekki sótt um styrki áður og höfðu því engan sjóð til að bera saman við. Aðrir viðmælendur höfðu allir sótt um í öðrum sjóðum áður og þeir sem voru oftast nefndir voru Tækniþróunarsjóður hjá Rannís og Impra hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þá höfðu viðmælendur einnig sótt um styrki hjá Atvinnusjóði kvenna, Alþingi, Byggðasjóði, Útflutningsráði, Listaháskóla Íslands, Þróunarsjóði landbúnaðarins og þegið listamannalaun.

Samkvæmt viðmælendum er umsóknarferlið mun þægilegra hjá Hönnunarsjóðinum miðað við Tækniþróunarsjóð en styrkirnir úr þeim sjóði hafa ávallt verið hærri en styrkirnir sem viðmælendur fengu hjá Hönnunarsjóðinum. Einn viðmælandi komst þannig að orði: „Já, það var ótrúlega stórt og flókið að sækja um hjá Tækniþróunarsjóði. Hjá Auroru er ekkert sérstakt format – þú setur bara umsóknina upp sjálfur. Þeir geta sigtað mikið út þannig - þá sem eru ekki með professional umsóknir. En ég fékk líka hærri upphæð [frá Tækniþróunarsjóði] en frá Auroru.“ Viðmælendur nefndu margsinnis skrifinnskuna hjá Tækniþróunarsjóðinum:

Það er mjög mikil skrifinnaska í Tækniþróunarsjóði. Ef ég væri ekki í þessari stöðu hér og væri bara einn að sækja um hjá Tækniþróunarsjóði og ætti skila inn skýrslum og öllum þessu dóti... ég hefði ekki undan. Þetta er rosalega mikil vinna, margra margra daga vinna ... það þarf að gera alls konar hluti. Spá 10 ár fram í tímann og eitthvað svona. En þeir

[styrkirnir] eru hærrí hjá Tækniþróunarsjóði, alveg 10 milljónir á ári í þrjú ár.

Aðgengi var viðmælendum ofarlega í huga þegar þeir báru saman aðra sjóði við Hönnunarsjóðinn. Einn viðmælandi sagði: „Viðmótið er samt svo öðruvísi. Maður finnur fyrir meiri skilning hjá Auroru. Þegar maður sækir um styrk hjá Impru eða Tækniþróunarsjóði þá sýnir fólkið engan skilning.“ Annar viðmælandi sagði himinn og haf skilja Hönnunarsjóð og Impru að. Hann fjallar einnig um aðgengi að Hönnunarsjóðinum:

Ég sótti um styrk hjá Impru. Atvinnusköpunarsjóði einhverjum. Ég fékk líka svona styrk sem var bara mjög litill, 500 þús eða eitthvað. Algjörlega himinn og haf á milli þess og Auroru. Þetta er bara eins og að fylla út skattskýrsluna. Það er bara fólk sem vinnur á bakvið skrifborð – eins og maður er vanur – svona government operation. Ég fór á fund með tveimur konum sem sáu um verkefnið, sem sjá jafnmikið um að heimasíðan virki eins og eitthvað annað, það var ekkert approachable. Ég held að það hafi ekki skilað neinu að tala við þær – fékk engin ráð og svona.

Sumir viðmælendur komu orði að því að aðrir sjóðir, eins og Tækniþróunarsjóður, væru ekki beinlínis fyrir hönnuði: „Það eru svona öðruvísi sjóðir sem erfitt er að setja hönnunarverkefni inn í. Erfitt að sækja um og margir reitir sem eiga engan veginn við.“ Einn viðmælandi lýsti umsóknarferlinu hjá Rannís þannig að það væri beinlínis hræðilegt og fjallar einnig um að umsóknir fyrir hönnunarverkefni eiga sjaldan heima hjá öðrum sjóðum: „Rannís, það er hræðilegasta ferlið að ganga í gegnum. Það er allt svo hrikalega nákvæmt. Ef þú ert í skapandi greinum þá hentar það ekkert svakaleg vel. Sjóðurinn er fyrir svona niðurnjörvaðar hugmyndir. Aurora snýst meira um neistann.“

7 Umræður og ályktanir

Í köflunum hér að framan kemur fram að almennt eru styrkþegar ánægðir með starfsemi sjóðanna. Í báðum sjóðum var afgerandi ánægja með persónulegt viðmót framkvæmdastjóra sjóðanna og að umsóknarferli væri sveigjanlegt og þægilegt í samanburði við aðra sjóði. Þetta er ánægjuleg niðurstaða, en almennt þykja styrk umsóknarferli sem og framvinduskýrslur vera helsti vankantur við verkefnastyrki.

Þó báðum sjóðum sé hrósað fyrir persónulegt og þægilegt viðmót við umsækjendur og styrkhafa er staða þeirra að mörgu leyti mjög ólík. Á meðan Hönnunarsjóðurinn er einn sinnar tegundar er Kraumur einn af mörgum sjóðum sem tónlistarmenn geta sótt um til verkefna sinna (sjá viðauka 4). Þetta gerir það að verkum að á meðan Hönnunarsjóður nýtur þess að vera einn sinnar tegundar er Kraumur nauðsynlega borin saman við aðra tónlistarsjóði og eðlilegt að tónlistarmenn hafi þar af leiðandi betri forsendur til þess að vera gagnrýnir á sjóðinn.

Þó að sjóðirnir séu um margt ólíkir eru nokkur atriði sem vert er að ræða nánar út frá báðum sjóðum og þá ef til vill styrkjum til lista og menningar almennt. Þessi atriði eru samkeppni, faglegar ákvarðanir, handleiðsla eða fagleg leiðbeining og að lokum eftirfylgni. Eftir umræður um þessa þætti verður tillaga um eftirfylgni við styrkveitingar kynnt.

7.1 Samkeppnisstaða

Eins og áður segir er staða sjóðanna tveggja nokkuð ójöfn þegar kemur að samkeppni við aðra sjóði. Auk Kraums veita hátt í 20 aðrir sjóðir styrki til tónlistar. Það að tónlistarsjóðir séu fleiri á Íslandi en hönnunarsjóðir segir þó ekki alla söguna, þar sem þeir sem vinna að tónlist (hvort sem þeir hafa af því tekjur eða ekki) eru líkast til fleiri en hönnuðir. Í síðustu úthlutun Kraums í apríl 2010 kom fram að 208 umsóknir hefðu borist sjóðinum. Í þeirri úthlutun var rúmum 10 milljónum úthlutað til 22 verkefna. Samkeppni um styrki í tónlist er því vel hugsanlega meiri en í hönnun þó að fleiri styrkmöguleikar séu til staðar.

Til lengdar er hætt á því að mikil samkeppni um styrki verði til þess að óeining myndist um styrkjastefnu sjóða. Í þeim aðstæðum er hætt á að sú leið að veita fleiri og lægri styrki verði fyrir valinu í þeim tilgangi að lægja öldur. Ef leið fleiri og lægri styrkja er farin, er erfiðara að gagnrýna sjóðinn hástöfum fyrir það að setja háar upphæðir í afmörkuð verkefni sem svo ef til vill skila ekki miklum sýnilegum árangri. Lægri upphæðir til fleiri aðila verður til þess að þeir sem fá að minnsta kosti einhverja upphæð geta ekki kvartað og áhættan virðist minni þegar um lægri styrkuppheðir er að ræða. Þá er af sömu ástæðu auðveldara að veita styrk í mjög afmörkuð verkefni svo sem plötuútgáfu þar sem afrakstur er mjög skýr, annað hvort kom platan út eða ekki. Þeirri spurningu verður þó að velja upp hvort að styrkir til hljómplötuútgáfu sé besta leið sjóðsins til þess að ná markmiðum sínum, eða hvort sjóður sé með því verkefni að taka að sér ákveðinn hluta af verksviði útgáfufyrirtækja?

Í skapandi atvinnugreinum gildir það almennt, að upphafskostnaður við sköpun og framleiðslu er hár og mjög erfitt er að spá fyrir um hvaða verkefni munu ná hljómgrunni (Caves, 2000). Ef ljóst væri frá upphafi hvaða verkefni nái árangri væru sjóðir á borð við Aururu óþarfir og framleiðslu- og dreifingarfyrtæki myndu vera reiðubúin að fjárfesta í verkefnum sem örugglega skila árangri. Í þessu ljósi má því réttlæta þá ákvörðun að styrkja tónlistarmenn til upptöku á hljómplötum, þar sem tónlistarmenn, og þá sérstaklega yngri tónlistarmenn og þeir sem ekki hafa áður gefið út tónlist, gætu verið í þeirri stöðu að útgáfufyrirtæki telji tónlistina ekki til þess fallna að seljast. Háan upphafskostnað og óvissu um framgang í skapandi greinum má þó jafnframt nota sem rökstuðning við það að styrkja færri verkefni með hærri styrkjum, jafnvel þó að einhver verkefni sem eru styrkt nái ekki árangri á sýnilegum mælikvarða, þar sem það er hlutverk styrktarsjóða fremur en annarra að leggja fé í tilraunir þar sem árangur er óviss.

Kraumur og Hönnunarsjóðurinn standa báðir við markmið sín um að veita ríflega styrki til tiltölulega fárra verkefna. Kraumur fór hins vegar geyst af stað með því að veita styrk upp á fjórar milljónir króna til eins verkefnis en sjóðurinn hefur ekki veitt slíkan styrk aftur. Þó að það líti vissulega þannig út að Kraumur hafi fallið örlítið frá upphaflegum markmiðum sínum með því að veita aðeins fleiri styrki sem eru ekki jafn háir verður því ekki neitað að styrkirnir eru ennþá ríflegir þegar borið er saman við styrkveitingar annarra sjóða sem veita styrki til tónlistarmanna. Ráðleggingar skýrsluhöfunda til framkvæmdastjóra og stjórnar Kraums eru því að halda áfram að standa við upphafleg

markmið til að falla ekki í sama jarðveg og aðrir sjóðir sem veita styrki til tónlistarmanna. Þá þykir höfundum skýrslunnar að skýringar með styrkjum árið 2010 séu framför frá áður upptöldum styrkjum til plötugerðar, þar sem styrkir til tónleikhalds og kynningar uppfylli betur markmið sjóðsins um að efla tónlist innanlands og utan.

Samkeppnisstaða hönnuða er allt önnur en staða tónlistarmanna. Verkefni hönnuða eru mun fjölbreyttari og síður í samkeppni við hvort annað en sköpun tónlistarmanna. Þessi minni samkeppni milli hönnuða og það að Hönnunarsjóður er nýtilkominn leiðir ef til vill af sér meiri frið um styrkúthlutanir Hönnunarsjóðs. Þá er eðli reksturs þeirra einnig með öðrum hætti en tónlistarmanna. Til þess að hönnunarverkefni nái að vaxa og dafna og ná innlendri og/eða erlendri markaðshlutdeild þarf hönnuður eða hönnunarfyrirtæki oftast en ekki að ráða til sín starfsmenn sem sinna framleiðslu, sölu og markaðsmálum. Þannig eru hönnuðir oftast en ekki í fyrirtækjarekstri, þó að sá rekstur sé ef til vill ekki stór um sig þegar fyrst er leitað á náðir Hönnunarsjóðsins. Það kemur því ekki á óvart að styrkþegar Hönnunarsjóðsins hafi nefnt Impru og Tækniþróunarsjóð sem dæmi um sjóði sem þeir höfðu áður sótt í. Í raun má segja að hönnuðir og rekstur þeirra sé í samkeppni við önnur sprotafyrirtæki þegar kemur að aðgangi að fjármagni og faglegri ráðgjöf, og í þeirri samkeppni standa hönnuðir oft höllum fæti gagnvart tæknifyrirtækjum sem eiga auðveldara með að sýna fram á nýnæmi vöru sinnar eða þjónustu. Í því ljósi er skiljanlegt að áhersla Hönnunarsjóðs sé meiri á rekstrarlegar forsendur en hún er hjá Kraumi.

7.2 Fagrád

Fagrád sjóðanna eru að sumu leyti líkt samsett. Til að mynda á Listaháskóli Íslands fulltrúa í báðum fagráðum, auk fulltrúa úr stjórn og fagfólk í tónlist og hönnun. Í fagráði Hönnunarsjóðsins sitja jafnframt fagaðilar í ráðgjöf við sprotafyrirtæki. Þannig speglar fagrád Hönnunarsjóðsins þá samkeppni sem hönnuðir lenda í við önnur sprotafyrirtæki hér að ofan.

Báðir sjóðir nefna það að koma verkum sínum á framfæri bæði hérlendis og erlendis, en eftirtekt vekur að í fagráði hvorugs sjóðsins situr fagfólk í markaðssetningu, þó óneitanlega uppfylli ráðgjafi við sprotafyrirtæki einnig hlutverk markaðsfræðings. Þá má benda á að hönnuðir og tónlistarmenn sitja ekki alveg við sama borð þegar kemur að aðstoð við markaðsvinnu erlendis en tónlistarmenn geta leitað til ÚTÓN og fengið þar

ráðgjöf sérstaklega miðaða að tónlist, en hönnuðir hafa ekki möguleika á eins sérhæfðri ráðgjöf hjá Íslandsstofu (áður Útflutningsráði).

Til þess að sjóðirnir nái að uppfylla markmið sín er eðlilegt að stjórnin, sem fer yfir og metur umsóknir, hafi yfir að ráða þekkingu til að meta möguleika verkefnanna til þess að ná þeim árangri sem markmið sjóðanna segja til um eða að minnsta kosti hafi aðgang að fagþekkingu, til að mynda í gegnum fagrað.

Þá væri það ómetanlegur stuðningur við umsækjendur að mat fagaðila væri umsækjendum aðgengilegt, og þeir þannig með umsókn sinni fengið faglega ráðgjöf, í formi umsagnar um verkefnið. Hvort sem verkefni er styrkt eða ekki.

7.3 Persónuleg handleiðsla

Styrkþegum var tíðrætt um persónulegt viðmót og aðstoð við umsóknarferlið og sömuleiðis í eftirfylgni við verkefnið. Persónulegt viðmótið samræmist vel markmiðum móðursjóðsins Auroru að verða virkt og lifandi stuðningsafl. Þetta er klárlega styrkur beggja sjóða og þess virði að byggja frekar á honum.

Eins og er, er þetta persónulega viðmót og stuðningur mjög bundið báðum framkvæmdastjórum sjóðanna og persónu þeirra. Til lengri tíma litið væri því æskilegt að formfesta þennan stuðning og handleiðslu frekar í vinnulag sjóðanna, færa á fleiri hendur og tryggja þannig að sjóðirnir geti áfram veitt persónulega handleiðslu jafnvel þó núverandi framkvæmdastjóra, af einhverjum ástæðum, nyti ekki við.

Eitt af því sem einkennir persónulega þjónustu eða handleiðslu sjóðanna er að framkvæmdastjórar sýna í verki að þeim er annað um þau verkefni sem hljóta styrk og sýna áhuga á því að fylgja verkefnum eftir. Ein leið til þess að viðhalda þeirri eftirfylgni er að formfesta samtöl við styrkhafa. Þannig hefðu framkvæmdastjórar reglulega samband við þá sem fengu styrk og forvitnuðust um framgang mála. Það samtalið mætti svo um leið nýta til þess að meta árangur af úthlutunum sjóðsins – sjá drög að árangursmats blaði kafli 8.

Eyðublaðið er ekki hugsað þannig að það stýri samtalinu í gegnum fyrirfram ákveðnar spurningar. Heldur er það hugsað á þann hátt að framkvæmdastjóri eða starfsmaður sjóðs geti fyllt það út eftir samtalið, og ef til vill kallað eftir

viðbótarupplýsingum ef þær vantar. Nánar er fjallað um áframhaldandi árangursmat í kafla 8.

Önnur leið til að formfesta faglega handleiðslu væri, eins og áður var nefnt, að umsækjendur fengju í hendur umsögn fagraðs um umsóknir sínar. Einnig væri hægt að hugsa sér að styrkhafar nytu góðs af þekkingu hvers annars. Þannig yrði til einhverskonar „alumni“ fyrir þá sem hafa fengið styrk frá sjóðum, og á formlegum eða óformlegum fundum gætu þeir svo lýst reynslu sinni af umsóknarferlinu og vinnunni við verkefnið í kjölfarið. Þegar að sókn á erlenda markaði kemur er reynslan mikilvægur skóli, og dýrmætt fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á því sviði að læra af þeim sem á undan hafa farið. Framkvæmdastjórar geta notað framgangssamtöl til þess að finna áhugaverð reynsludæmi sem erindi ætti til fleiri styrkhafa.

8 Áframhaldandi árangursmat

Við árangursmat fer fram ákveðin mæling á starfsemi og afrakstri hennar. Þessi mæling er merkingarlaus í sjálfu sér nema að hægt sé að bera hana saman við annað hvort upphafleg markmið eða fyrra starf. Þegar mælingar eru notaðar til þess að tryggja að starfsemi sé í samræmi við markmið, geta þær leitt til þess að starfsemi verði bæði eflað og bætt.

Þegar mæla á starfsemi sem í eðli sínu er ómælanleg þá skapast þó sú hættu að í stað þess að búa til mælikvarða sem raunverulega mæla markmið með rekstrinum, verði það mælt sem auðvelt er að mæla. Sú mæling gæti svo auðveldlega leitt til þess að starfsemin færast smátt og smátt frá upprunalegum markmiðum og nær því sem hægt er að mæla (Niven, 2003).

Tillaga um símat á árangri sjóðanna tekur tillit til þess að oft er mjög erfitt að mæla, eða setja tölulega mælieiningu á afrakstur verkefna í hönnun og tónlist. Þannig er afrakstur af flóknum verkefnum eins og því að vinna sér framgang á erlendum mörkuðum oft mjög lengi að koma fram, en margra mánaða vinna liggur gjarnan að baki fyrstu sölu á erlendum markaði. Og oftast er ekki enn lengra að bíða þar til sala tekur raunverulega við sér. Á þessu ferli eru þó ákveðnir þættir sem hægt er að fylgjast með og gefa vísbendingu um að verkefnið hafi skilað, einhverju persónulega fyrir tónlistarmanninn eða hönnuðinn og/eða fyrir íslenskt samfélag og geta þannig verið vítamínsprauta fyrir samfélagið, sem móðursjóðurinn Aurora setur sér einmitt sem markmið. Með því að fylgjast með verkefnum eftir að styrkur er veittur og jafnvel eftir að því verkefni sem hlaut styrk er lokið, veita sjóðirnir mögulega þann stuðning sem til þarf til þess að hönnuðir og tónlistarmenn hafi úthald í oft erfiðri baráttu við að ná árangri. Með þeim hætti samtvinnar sjóðurinn markmið sín um að úthlutanir hans skili árangri og skipti máli fyrir samfélagið og það á þeim persónulegu nótum sem sjóðunum er hve mest hælt fyrir.

Árangursmatstaflan er hér sett fram undir tveimur megin flokkum. Annarsvegar þeim þáttum sem mæla fjárhagslega stöðu verkefnisins og gefur yfirlit yfir það hvaða hlutverki styrkurinn gegndi í framgangi verkefnisins. Og hinsvegar menningarlegum ávinningi af verkefninu. Menningarlegi þátturinn metur hvoru tveggja persónulegan ávinning styrkþega sem og samfélagslegan ávinning, það er hverju verkefnið hefur skilað hönnun eða tónlist samfélagslega t.d. með umfjöllun um verkefnið eða tónleikum/sýningum aðgengilegum almenningi.

Hér fyrir neðan má sjá mynd af hluta töflunnar, með útskýringum. Taflan í heild sinni er í viðauka 5.

	Við styrkveitingu	Eftir 3 mánuði	Eftir 6 m
Markmið verkefnisins			
Á hvaða stigi er vinnan			
Hver er fjárhagsstaða verkefnisins (hlutfall styrksins)			
Fjöldi saminga og/eða sölu sem hefur náðst			
Starfsmannaráðningar eða ráðningar			
Velta (ef á við)			
Nýtt samstarf			
Ný verkefni - sprottin upp úr verkefninu			
Persónulegur ávinningur			

Hér eru upplýsingar um hvernig gangi að ná markmiðum verkefnisins sett inn - og eins upplýsingar um bretingar á markmiðum sem geta óhjákvæmlega átt sér stað

Þennan reytt þarf án efa að aðlaga eftir eðli verkefnisins - í tilfalli tónlistarmanns sem vinnur að því að hasla sér völl erlendis er sala etv rétti mælikvarðinn en hjá hönnuði er etv nær að telja saminga við dreifingar aðila

Erfitt getur reynt að greina á milli nýs samstarfs og verkefna - og tíminn verður að leiða í ljós hvort slík að greiningar sé þörf. Þá gæti í tónlistinni verið nóg að hafa annan hvorn af þessu reytnum og sleppa ráðninga reitnum.

Starfsmanna ráðningar eiga etv ekki beint við í tónlistinni - en ef markmiðið var að ná árangri erlendis er hægt að hugsa sér að telja hér upp saminga við umboðsmenn eða aðra þá sem sjá um kynningarmál þ.e. þá sem vna markvissst með tónlistarmanninum að ná árangir erlendis

Árangursmatið er hér sett fram í töflu þannig að auðvelt verði að fá yfirsýn yfir framgang hvers verkefnis fyrir sig. Á sama tíma er auðvelt að fletta í gegnum fleiri en eitt verkefni og telja saman t.d. hversu margar umfjallanir í erlendum fjölmiðlum hafa fengist um verkefni sem voru styrkt. Framkvæmdastjórar og stjórn sjóðsins hafa þannig á reiðum höndum ýmsar upplýsingar um afraksturinn sem nýtist jafnt í ársskýrslugerð sem og til þess að vekja athygli á starfsemi sjóðsins í fjölmiðlum.

Upplýsingar sem safnað er um verkefni eru ekki magnbundnar, enda er þess nokkuð langt að bíða að nægjanlega mörg verkefni fái styrk til þess að meginleg greining á gögnum um þau verði marktæk. Hinsvegar er auðvelt með persónulegu mati þess sem tekur viðtölin að meta á t.d. Likert-skala (1-5) hversu miklu verkefnið skilaði fyrir styrkþega persónulega. Önnur atriði eins og það hvort verkefnið hafi leitt til annarra verkefna er svo auðveldara að setja fram tölulega.

Viðauki 1 - Skipulagsskrá Aurora velgerðarsjóðs

1.0. Heiti stofnunarinnar:

1.1. Stofnunin heitir Aurora velgerðarsjóður ses. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2.0. Heimili og varnarþing:

2.1. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er að Kjalarvogi 7-15, Reykjavík.

3.0. Stofnendur, stofnfé og önnur framlög:

3.1. Stofnendur eru hjónin Ingibjörg Kristjánsdóttir, kt. 290162-2039, og Ólafur Ólafsson, kt. 230157-5619, nú bæði búsett í Bretlandi.

3.2. Stofnfé stofnunarinnar er að fjárhæð kr. 1.000.000.000 í reiðufé, sem stofnendur og Kjalar hf., kt. 631291-1129, Kjalarvogi 7-15, Reykjavík, leggja henni til sem stofnfé við stofnun hennar.

3.3. Stofnféð mun verða ávaxtað samkvæmt ákvörðun stjórnar.

3.4. Ávöxtun stofnfjár ásamt öðrum framlögum og styrkjum sem stofnuninni áskotnast verður notað í samræmi við tilgang stofnunarinnar eins og hann birtist í 4. gr. skipulagsskrárinnar.

3.5. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérrettindi í stofnuninni tilheyrast stofnendum hennar.

3.6. Ráðstöfunartekjur stofnunarinnar eru vaxtatekjur og annar arður af stofnfé, og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Stofnunin veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum. Nöfn þeirra sem styrkja stofnunina skulu færð í sérstaka nafnaskrá sem er í vörslu stjórnar hennar. Við ráðstöfun tekna stofnunarinnar í formi fjárframlaga skal gæta þeirra markmiða sem fram koma í 4. gr.

3.7. Stofnunin skal hafa sjálfstæðan fjárhag og kennitölu, og skal stjórn sjá til þess að bókhald stofnunarinnar verði fært. Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

4.0. Tilgangur stofnunarinnar:

4.1. Megintilgangur stofnunarinnar er að stuðla að og styrkja menningar- og góðgerðastarfsemi á Íslandi og erlendis. Í því felst til dæmis fjárhagslegur stuðningur við einstaklinga, félög, félagasamtök og samfélög af ýmsum toga, auk stuðnings við þá sem höllum fæti standa vegna aðstæðna sem þeir búa við s.s. vegna veikinda, slysa, eða af öðrum ástæðum.

4.2. Áhersla er lögð á stuðning við menningar- og/eða mannúðarverkefni sem hafa víðtæk áhrif til almannaheilla.

5.0. Stjórn:

5.1. Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum. Báðir stofnendurnir sitja sjálfkrafa í stjórn stofnunarinnar, en tilnefna síðan að auki þrjá aðra einstaklinga til að sitja í stjórninni með sér. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda eða aukaáðalfunda. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

5.2. Stjórnin skiptir með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.

5.3. Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar sem fram koma í 4. gr. og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður af starfseminni sé hóflegur og í samræmi við rekstraráætlanir. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar. Formaður boðar til stjórnarfunda, en jafnframt

skulu fundir haldnir ef einhver stjórnarmanna óskar þess. Í því tilviki skal stjórnarfundur haldinn innan 3ja vikna frá því að ósk um fund kemur fram. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðarbók. Stjórnin skal setja sér starfsreglur um störf sín og hvernig hún hyggst vinna samkvæmt markmiðum 4. gr. Mikilvægar ákvarðanir má ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Reglur stjórnsýsluréttar um sérstakt hæfi skulu gilda um stjórnarmenn við afgreiðslu mála.

5.4. Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans, ef hún telur það nauðsynlegt. Að öðrum kosti skal stjórnarformaður fara með prókúru fyrir stofnunina. Stjórnin getur veitt öðrum prókúru fyrir stofnunina eða ákveðið að fela þriðja aðila umsýslu eigna hennar eða framkvæmd einstakra verkefna. Allar meiriháttar ákvarðanir skal þó ávallt bera undir stjórn, enda ber hún ábyrgð á rekstri stofnunarinnar.

5.5. Aðalfundur stofnunarinnar skal haldinn ár hvert í mars eða apríl. Verkefni aðalfundar er að greina frá starfsemi stofnunarinnar og samþykkja ársreikning stofnunarinnar fyrir undanfarið almanaksár, auk þess sem stofnendur tilnefna á honum meðstjórnarmenn sína. Aukaáðalfundir skulu haldnir þegar stofnendur stofnunarinnar óska þess eða meirihluti stjórnar. Ef taka á til meðferðar á aðalfundi eða stjórnarfundum tillögu til breytinga á skipulagsskrá þessari skal meginefni tillögunnar fylgja fundarboði.

5.6. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórn velur endurskoðanda stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár. Stjórnin skal fylgjast grannt með fjárhag stofnunarinnar, einkum með því að tekjur stofnunarinnar standi undir kostnaði og skuldbindingum.

5.7. Hver sem er, einstaklingur og lögpersónur, getur gerst hollvinur stofnunarinnar að fengnu samþykki stofnenda stofnunarinnar og samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur. Hollvinir skulu hafa rétt til setu á aðalfundi stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétt, nema stjórn taki ákvörðun um annað.

5.8. Ef annar stofnenda fellur frá, þá skal hinn stofnandinn tilnefna alla aðra stjórnarmenn stofnunarinnar. Að báðum stofnendunum látnum, þá skulu börn þeirra þrjú sjálfkrafa sitja í stjórn stofnunarinnar, eða sérstakir tilnefndir fulltrúar þeirra, enda hafi þau þá náð 20 ára aldri, nema þau biðjist undan þeirri skuldbindingu, og saman skulu þau börn stofnenda og/eða sérstakir fulltrúar þeirra sem í stjórninni sitja tilnefna aðra stjórnarmenn hennar. Ef hvorki stofnendum, börnum eða niðjum þeirra verður til að dreifa, sem áhuga hafa á að láta málefni stofnunarinnar til sín taka þá skal stofnuninni slitið og eignum hennar varið í samræmi við ákvæði 4. gr.

6.0. Breytingar á skipulagsskránni og staðfesting:

6.1. Tillögur að breytingum á skipulagsskrá þessari skal leggja fyrir aðalfund eða aukaáðalfund þar sem þær skulu kynntar og afstaða tekin til þeirra og greidd um þær atkvæði. Tillögur um breytingar á skipulagsskránni skulu berast stjórn með nægilegum fyrirvara svo unnt sé að geta slíkrar tillögu í fundarboði. Til að breytingar á skipulagsskránni geti öðlast gildi þurfa stofnendur stofnunarinnar að samþykkja þær, meðan þeirra nýtur við, en eftir það börn þeirra eða niðjar þeirra sem í stjórninni sitja.

6.2. Tillögur um að fella niður skipulagsskrá stofnunarinnar og leggja hana niður skal farið með sama hætti og breytingar.

6.3. Komi til þess að sjálfseignastofnunin verði lögð niður skal stjórn hennar gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar, ef einhver er. Skulu eftirstandandi eignir renna til málefna sem stjórn stofnunarinnar ákveður, en þó innan markmiða 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

6.4. Hafi innan 2ja ára frá stofnun stofnunarinnar ekki verið breytt lagaákvæðum um skattskyldu íslenskra sjálfseignastofnanna til greiðslu skatts af fjármagnstekjum þeirra, þá

skal stjórn hennar skoða fýsileika þess að sameina sjálfseignastofnunina annarri sjálfseignarstofnun sem stofnuð er af stofnendum hennar í öðru landi innan evrópska efnahagssvæðisins, með sömu ákvæðum í skipulagsskrá, sem tryggir að stofnunin hafi allar fjármagnstekjur sínar, eða hærra hlutfall þeirra en íslensk lög gera ráð fyrir, til ráðstöfunar samkv. tilgangi sínum, og leggja slíka tillögu fyrir aðalfund og/eða aukaáðalfund stofnunarinnar.

6.5. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Sé skipulagsskrá breytt eða sé samþykkt að hún sé lögð niður skal leita samþykkis dómsmálaráðherra.

Reykjavík, 8.júní 2007.

Viðauki 2 - Starfsreglur stjórnar

1. grein

Stjórn skal, þegar að loknum aðalfundi, koma saman til fundar og skipta með sér störfum. Stofnendur skulu boða til fundarins. Á fundinum skal kjósa formann, varaformann og gjaldkera. Að öðru leyti skiptir stjórnin ekki með sér verkum.

2. grein

Formaður skal boða til stjórnarfunda og ábyrgist að aðrir stjórnarmenn verði boðaðir. Stjórnarfundur skal boða með sannanlegum hætti með viku fyrirvara, ásamt dagskrá fundarins og viðeigandi gögnum.

3. grein

Stjórnarfundur skal halda þegar formaður ákveður, og skylt er honum að kveðja til stjórnarfundar innan viku frá því honum berst ósk um slíkt frá stjórnarmanni. Fundurinn skal haldinn innan tveggja vikna frá því að óskin kom fram. Að lágmarki skulu haldnir fjórir stjórnarfundir á ári, þ.e. einn í hverjum ársfjórðungi til að fara yfir ársfjórðungsuppgjör sjóðsins og málefni tengd afkomu hans.

4. grein

Stjórnin skal halda fundargerðir um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu þær undirritaðar af þeim sem hann sitja. Bókanir í fundargerðir skulu a.m.k. bera með sér eftirfarandi:

- Fundartíma og fundarstað
- Hvaða stjórnarmenn eru mættir
- Hver stýrir fundi
- Hver ritar fundargerð
- Dagskrá fundarins
- Meðferð eldri fundargerða, hvort þær hafi verið samþykktar af stjórn og hvort athugasemdir hafi verið gerðar við þær
- Stuttur útdráttur úr umræðum
- Allar ákvarðanir sem teknar eru á stjórnarfundum skulu færðar til bókar
- Ákvörðun um næsta stjórnarfund ef hún liggur fyrir í lok fundar.

Stjórnarmenn eiga rétt á að fá bókaða stutta lýsingu um afstöðu sína til ákvarðana sem teknar eru á stjórnarfundum.

Fundargerðir skulu sendar stjórnarmönnum eigi síðar en fimm dögum eftir hvern fund. Ef stjórnarmenn koma með athugasemdir við drög að fundargerð sem ekki næst samkomulag í formi breytingar á henni, þá skal þeim heimilt að bóka athugasemdir sínar við fundargerðina, enda komi þær fram í síðasta lagi á næsta stjórnarfundum, eða þegar fundargerðin er formlega staðfest.

5. grein

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur þegar meirihluti stjórnar sækir fund, sem boðað hefur verið réttilega til. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði á stjórnarfundum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála á stjórnarfundum.

Mikilvæga ákvörðun má ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um hana ef þess er nokkur kostur.

6. grein

Endurskoðendur sjóðsins skulu boðaðir til stjórnarfunda, þegar fjallað er um reikningsskil sjóðsins. Stjórnarmönnum er heimilt að óska eftir svörum og skýringum um hver þau atriði sem lúta að rekstri eða efnahag sjóðsins og þeir telja sig þurfa upplýsingar um til að geta sinnt stjórnarstarfi sínu.

7. grein

Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd sjóðsins út á við. Hann ber einnig ábyrgð á að starfsreglum þessum verði fylgt, sem og ritun fundargerða.

8. grein

Stjórnarmenn og aðrir sem sitja stjórnarfundi eru bundnir trúnaði um allt sem fram fer á þeim og varðar hag sjóðsins, nema stjórnin hafi samþykkt annað.

Trúnaður stjórnarmanna tekur til allra, þ.m.t. þeirra sem kunna að hafa tilnefnt hann eða stutt til stjórnarstarfans. Trúnaðarskylda stjórnarmanns helst þótt hann láti af stjórnarstörfum hjá sjóðnum.

9. grein

Stjórnarmenn skulu gæta þess að varðveita tryggilega öll gögn sem þeir hafa fengið í hendur. Þegar stjórnarsetu lýkur skal stjórnarmanni skylt að skila til sjóðsins öllum þeim gögnum sem hann varða og hann hefur fengið í hendur sem stjórnarmaður. Jafnframt skal hann við sama tækifæri skrifa undir staðfestingu þess efnis að öllum gögnum hafi verið skilað eða eytt. Þetta á þó ekki við ársreikninga sjóðsins og önnur gögn, sem birt hafa verið með opinberum hætti samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

10. grein

Ef óskað er upplýsinga frá sjóðnum, sem ekki eru birtar opinberlega, t.d. vegna hlutafjárkaupa eða af öðrum ástæðum, skal stjórn sjóðsins taka ákvörðun hverju sinni um hvort og þá hvaða upplýsingar skulu veittar.

11. grein

Nánar tiltekið eru verkefni stjórnar einkum eftirfarandi:

- Stjórnin ákveður nánari stefnumörkun í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins.
- Stjórnin fer með málefni sjóðsins og sér um að skipulag og starfsemi hans sé í réttu og góðu horfi.
- Stjórnin annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna sjóðsins.
- Stjórnin veitir prókúruumboð.
- Stjórnin ræður sjóðnum starfsmann ef hún telur þess þörf.
- Stjórnin annast undirbúning, gerð og undirritun ársreikninga í samræmi við ákvæði laga 144/1994 um ársreikninga.
- Að sjá til þess að allar eignir sjóðsins, bæði efnislegar og óefnislegar, séu hæfilega váttryggðar og að þeim verði viðhaldið.
- Stjórnin tekur ákvarðanir um allar óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir.

12. grein

Formaður skal sjá til þess, að leggja fyrir stjórnarmenn þau gögn á stjórnarfundum sem nauðsynleg eru til þess að þeir geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um þau málefni sem til meðferðar eru og geti rækt starfa sinn sem stjórnarmenn svo vel sem kostur er.

13. grein

Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnarmanna.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi í Reykjavík þann 23. janúar 2008.

Viðauki 3 - Spurningar fyrir árangursmat

- á styrkveitingum Hönnunarsjóðs Auroru og Kraums tónlistarsjóðs.

Trúnaður:

Framkvæmdastjórar sjóðanna fá að vita við hverja var rætt en fyllsta trúnaðar verður gætt og viðkvæm atriði verða ekki rekjanleg til viðmælenda.

Spurningar:

Hversu háan styrk hlaust þú/þið?

Fyrir hverju fékkst þú/styrk?

Í hvað átti að nota styrkinn? / Hvernig var peningurinn nýttur?

Hvernig datt þér í hug að sækja um styrk hjá Kraumi tónlistarsjóði/Hönnunarsjóði Auroru?

Hvernig var umsóknarferlið?

- Tók langan tíma að útbúa umsóknina?
- Leið langur tími frá umsókn þar til styrkurinn fékkst?
- Komu upp einhver vandamál í umsóknarferlinu?

Hver var helsti afrakstur þess að hljóta styrkinn?

- Varð styrkurinn til þess að farið var af stað í verkefnið?
- Varð verkefnið að veruleika og klárað?
- Hefur það verkefni skilað þér árangri?
 - o (Aukin sala? Aukin aðdáendafjöldi? Aukin athygli? Aukin fjölmiðlaathygli? Almennum árangri náð?)

Hvað hefðir þú gert ef þú/þið hefðir ekki hlotið styrkinn?

Hversu dýrt var verkefnið í heild sinni?

Varstu fjárhagslega verr staddur eftir framkvæmd verkefnisins?

Hvers vegna telurðu að Kraumur/Hönnunarsjóðurinn hafi styrkt þig umfram aðra/önnur verkefni?

Hvernig hafa samskipti á milli þín/ykkar og Kraums tónlistarsjóðs/Hönnunarsjóðs Auroru verið?

- Þurfti að skila skýrslu/greinargerð?

Fagráðið / Stjórnin

- Þekkirðu það/hana? Veistu hver aðkoma þess/hennar er?

Myndir þú vilja breyta einhverju varðandi uppsetningu á Kraumi tónlistarsjóði/Hönnunarsjóði Auroru?

- Á að styrkja fleiri / færri verkefni?
- Á að veita hærri / lægri styrki?
- Myndirðu vilja sjá umsóknarferlið öðruvísi?
- Hvað myndir þú vilja sjá öðruvísi?

Finnurðu fyrir pressunni á að þurfa að borga til baka ef verkefnið fer ekki sem skyldi?

- Er pressan jákvæð eða neikvæð?

Hefurðu hlotið fjárstyrki frá öðrum aðilum en Kraumi tónlistarsjóði/Hönnunarsjóði Auroru?

- Hvernig var öðruvísi að sækja um hjá Kraumi tónlistarsjóði/Hönnunarsjóði Auroru og öðrum aðilum?
- Hærri / lægri styrkir?
- Fljótlegra/hægara umsóknarferli?
- Betri/verri samskipti?
- O.s.frv.

Viðauki 4 - Styrktarsjóðir fyrir tónlistarmenn á Íslandi

Eftirfarandi er yfirlit yfir sjóði og styrki sem íslenskir tónlistarmenn eiga kost á að sækja um styrk hjá. Sumir sjóðir eru ekki einvörðungu ætlaðir tónlistargeiranum.

Borgarsjóður Reykjavíkurborgar
Ferðasjóður STEFS
Kraumur tónlistarsjóður
Kulturturkontakt NORD
Menningaráætlun ESB
Menningarsjóður FÍH
Menningarsjóður Innheimtumiðstöð gjalda
Menningarsjóður Íslands og Finnlands
Menningarsjóður VISA
NORA – Norræna Atlantsnefndin
Nordisk Kulturfond
Norðurslóðaáætlunin
Nótnasjóður
Nýsköpunarsjóður tónlistar
Rabbasjóður
Reykjavík Loftbrú
Sænsk-íslenski samstarfssjóðurinn
Tónlistarsjóður menntamálaráðuneytisins
Tónskáldasjóður 365
Tónskáldasjóður Rásar 2
ÚTÓN*
Þjóðhátíðargjöf Norðmanna

Heimild: Félag tónskálda & textahöfunda (2010) og Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (2010).

*Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar gefur sig ekki út á að vera styrktarsjóður en hefur veitt tónlistarmönnum ferðastyrki til að koma fram á bransahátíðum erlendis.

Viðauki 5 - Símatstafla

	Við styrkveitingu	Eftir 3 mánuði	Eftir 6 mánuði	Eftir 9 mánuði	Eftir ár	Eftir eitt og hálf ár	Eftir tvö ár	Eftir 3 ár
Markmið verkefnisins								
Á hvaða stigi er vinnan								
Hver er fjárhagsstaða verkefnisins (hlutfall styrksins)								
Fjöldi samninga og/eða sölu sem hefur náðst								
Starfsmannaráðningar eða ráðningar								
Velta (ef á við)								
Nýtt samstarf								
Ný verkefni - sprottin upp úr verkefninu								
Persónulegur ávinningur								
Samfélagslegur ávinningur - Innanlands								
Samfélagslegur ávinningur - erlendis								

Heimildaskrá

Aurora. (2010). *Um Aurora*. Sótt 28. júlí 2010 á <http://www.aurorafund.is/umaurora>.

Caves (2000). *Creative Industries: The Contract between Art and Commerce*. Cambridge: Harvard University Press.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.

Félag tónskálda og textahöfunda. (2010). *Sjóðir*. Sótt 29. júlí 2010 á http://www.ftt.is/Sjodir_og_uthlutanir/Sjodir.

Hönnunarsjóður Auroru. (2010). *Um sjóðinn*. Sótt 19. febrúar 2010 á <http://www.honnunarsjodur.is/index.php?/um-hoennunarsjodh-auroru>.

Kvale (1996). *Interviews: and introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage Publications

Kraumur. (2010). *Um Kraum*. Sótt 14. febrúar 2010 á <http://kraumur.is/umkraum>.

Niven, P. R. (2003). *Balanced Scorecard Step-by-Step – for Government and Nonprofit Agencies*. Hoboken New Jersey: John Wiley and Sons.

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar. (2010). *Listi yfir sjóði og styrki*. [Óútgefið fræðsluefni].